

GUÐMUNDUR JÖRUNDSSON

Opinn fyrir flestöllu öðru en hettupeysum

• tíska • heilsa • heimili

ALLT í MIÐJU BLAÐSINS



SJÁVARÚTVEGSSÝNINGIN 2008

Allar helstu nýjungar á sviði sjávarútvegs

Sérblað um íslensku sjávarútvegssýninguna

FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Vinsælasta viðbitið



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. október 2008 – 268. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR

### Pönkarar móðgast líka

Hinn lóðrétti línudans auglýsinga-bransans er þema Fitonblaðsins.

TILVERA 17



### Laganemar sam-einast að nýju


Elsa Ísland, félag laganema, hefur verið endurvakið og er opið laganemum úr öllum háskólum landsins.

TÍMAMÓT 34

### Meistaradeild Evrópu


Robbie Keane opnaði markareikning sinn fyrir Liverpool.

ÍPÓTTIR 50



**Bleika slaufan**  
-árveknisátak um brjóstakrabbamein  
Söfnunarmarkmið 40.000 slaufur

## VEÐRIÐ Í DAG



**BJART SYÐRA** Framan af degi verður stíf norðanátt við austurströndina annars hægur. El norðan til og austan en bjart með köflum syðra. Hætt við snjómguggu við suðvesturhornið í kvöld.

VEDUR 4

# Viðrar hugmynd um þjóðstjórn

Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, hefur sagt ríkisstjórn og bankaráði að ástandið í efnahagsmálum sé svo alvarlegt að hafi einhvern tíma verið ástæða til að koma saman þjóðstjórn hér á landi sé það nú.

**EFNAHAGSMÁL** Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, hefur viðrað þá skoðun sína að minnsta kosti tvisvar síðustu daga, að ástandið í íslenskum efnahagsmálum sé orðið svo alvarlegt að hafi einhvern tíma verið ástæða til að koma saman þjóðstjórn hér á landi sé það nú.

Fréttablaðið hefur öruggar heimildir fyrir því að Davíð hafi látið þessi ummæli falla að

minnsta kosti tvívegis nú í vikunni.

Í fyrra sinnið lét hann þessi orð falla á sérstökum aukafundi í bankaráði Seðlabanka Íslands, þar sem kynnt var sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans að þjóðnýta Glitni og leggja honum til nýtt hlutfé.

Seinna skiptið var á ríkisstjórnarfundum á þriðjudag, þar sem seðlabankastjóri var mættur sem

gestur til að skýra ríkisstjórn frá stöðu mála frá sjónarhóli Seðlabankans.

Þjóðstjórn er ríkisstjórn, sem mynduð er með aðild flestra eða allra stjórnmalaflokka sem eiga fulltrúa á löggjafarþinginu. Slík stjórn hefur einu sinni verið mynduð hér á landi, 17. apríl 1939, með þátttöku Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks.

- bih

## Ólafur gefur ekki kost á sér

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson mun ekki gefa kost á sér í næstu

verkefni handboltalandsliðsins. „Ég þarf smá tíma til að hugsa málin og svo kemur kannski upp hungur aftur sem er ekki til staðar núna. Ég get alveg viðurkennt það,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið en hann útilokar ekki

**ÓLAFUR STEFÁNSSON**

að snúa aftur í landsliðið síðar. „Ég mun ekki gefa kost á mér fram í janúar. Svo kemur bara í ljós hvað ég geri þá. Þessi ákvörðun mín lokar þó vonandi engu með framhaldið,“ sagði Ólafur Stefánsson.

- hbg / nánar á síðu 48



**BANKAMENN Á KVÖLDFUNDI** Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, og Sigurður Einarsson stjórnarformaður funduðu með Geir H. Haarde forsætisráðherra seint í gærkvöldi. Sigurður var nýkominn til landsins og sagði hann það útskýra fundartímann. Alvarleg staða efnahagsmála var rædd á fundinum og þjóðnýting Glitnis.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Kvöldfundur í Stjórnarráðinu: Kaupþingsmenn funda með Geir

**EFNAHAGSMÁL** Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, og Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri áttu klukkustundar langan fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra í Stjórnarráðinu seint í gærkvöldi.

„Við vorum að greina ráðherra frá því hvernig við lítum á ástandið hér heima og á erlendum fjármálamörkuðum,“ sagði Sigurður að fundinum loknum. Þjóðnýting ríkisins á Glitni var rædd á fundinum. „Kaupþing kemur ekki að því máli sérstaklega, þetta er aðgerð sem stjórnvöld standa að ásamt Seðlabankanum.“

Aðspurðir um tímasetningu fundarins sagðist Sigurður vera nýkominn til landsins og vildi hann ráðfæra sig við forsætisráðherra um þá alvarlegu stöðu sem komin er upp í efnahagsmálum hér á landi sem fyrst.

„Ráðherra er vinnusamur og gaf okkur kost á fundi þótt lang sé liðið á dag.“

- shá

**TOYS R US**

NÚNA ÞARFTU AÐEINS AÐ SOFA Í 2 NÆTUR ÞAR TIL VIÐ OPNUM Í GRAFARVOGI

**KORPUTORG 112 REYKJAVÍK**

Greiningardeild Kaupþings átelur aðgerðir og aðgerðaleyfi Seðlabankans:

## Telur að lækka þurfi stýrivexti

**EFNAHAGSMÁL** Greiningardeild Kaupþings átelur í nýrri hagspá bæði aðgerðir og aðgerðaleyfi Seðlabankans, og varar við því að beðið verði of lengi með vaxtalækkun. Stýrivextir Seðlabankans hafi hætt að bíta á gengi krónunnar fyrir hálfu ári, en séu farnir að bíta í atvinnulíf þjóðarinnar. Stjórn Seðlabankans virðist hins vegar telja lækkun geta komið niður á trúverðugleika Seðlabankans. Því sé hætt á að vaxtalækkunarferlið verði tafið óþarflega. Afleiðingin geti orðið dýpri efnahagslægd á næsta ári en ella hefði orðið.

Gengi krónunnar féll um þrjú prósent í gær og hefur aldrei verið lægra. Stórir erlendir bankar eru hættrir að versla með íslenskar krónur.

„Krónan er orðin eins og geislavirkur úrgangur sem allir forðast að koma nálægt,“ segir Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, um gengisfall krónunnar.

„Það hafa engir innlendir aðilar góð spil á hendi sem stendur en hugsanlega er hægt að fá neyðaráð-

stoð frá erlendum seðlabönkum eða Alþjóðagjald-eyrissjóðnum. Slík aðstoð þyrfti þó að vera mjög mikil til að hún dyggi,“ segir Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands. Slík aðstoð þyrfti að nema nokkrum milljörðum evra en það virðist vera of seint að leita annað eftir lánnum.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segir krónuna komna langt niður fyrir það sem hægt sé að tala um eðlilegt eða jafnvægisgengi. Það hljóti að koma að leiðréttingu. Aðspurður segir hann ekki koma til greina að læsa genginu.

Fréttablaðið óskaði viðbragða frá Seðlabankanum. Þau fengust ekki, en menn sögðust vera „á vaktinni“.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir 57 milljarða króna halla. Þjóðhagsspá var kynnt í gær. Samkvæmt henni mun atvinnuleysi, sem nú mælist 1,7 prósent, verða 3,8 prósent árið 2010.

- ikh, msh / sjá síðu 4, 6, 24 og 26

**OPNUM EFTIR**

**2**

**DAGA!**

**RÚMFATA LAGERINN**  
HERBERGID • BADIÐ • HEIMLIÐ

**KORPUTORGI**



Karl Ágúst, ertu farinn að setja þig í taktrúboðastellingar?

„Já, ég trúi á taktinn og er í takt við trúna.“

Leikarinn Karl Ágúst Úlfsson verður aðstoðarmaður Arthurs Hull taktrúboða, sem útbreiðir boðskap öflugs trommuktaks í Bláfjöllum um næstu helgi.

Læknar gera skammtímasamning við ríkið og hyggjast taka upp þráðinn næsta vor:

## Grunnlaun hækka um tuttugu þúsund

**KJARAMÁL** „Þessi samningur færir okkur rúmlega sex prósentu meðaltalshækkun,“ segir Gunnar Ármannsson, formaður samningafundar Læknafélagsins, um samning sem undirritaður var í gær.

Samkvæmt honum hækka grunnlaun lækna um rúmlega 20 þúsund krónur á mánuði auk þess sem yfirvinnugreiðslur hækka. Gildistími hans er frá 1. september og út mars á næsta ári. Gunnar telur nýja samninginn betri en þann sem læknar felldu í atkvæðagreiðslu í lok júlí. Sá samningur gerði ráð fyrir rúmlega fjögurra prósentu hækkun. „Samningurinn færir okkur það sem við fórum fram með í sumar, þegar við vildum fá sambærilegar hækkanir og önnur félög háskólamána,“ segir Gunnar.

Hann segir að enn séu grunnlaun kandidata og deildarlækna undir grunnlaunum ljós-

mæðra. Hins vegar meti þau stöðuna þannig að skynsamlegra sé að gera skammtímasamning og taka upp þráðinn í næstu samningagerð.

Gunnar minnr á samþykkt aðalfundar Læknafélagsins sem haldinn var um síðustu helgi þar sem félagsmenn lýstu mjög eindreginni afstöðu til þess að meta þyrfti nám og ábyrgð lækna með öðrum hætti en nú er gert. „Það er eitthvað sem við munum taka upp í viðræðum við ríkisvaldið og vonandi þá við eðlilegri aðstæður en nú ríkjá.“

Samningurinn verður væntanlega lagður undir atkvæði lækna í næstu viku og telur Gunnar líklegt að hann verði samþykktur. „Eins og staðan er núna töldum við ekki skynsamlegt að fara út í harðar kjaradeilur. Það var mat samningafundarinnar að þetta væri það besta í stöðunni.“

- ovd



SKURDADGERÐ Samþykki læknar nýjan samning færir það þeim að meðaltali rúmlega sex prósentu hækkan.



FRÁ ÍSAFIRÐI Fjöll voru hvít niður í hlíðar víða á Vestfirðum í gær.

MYND/VERNHARDUR JÓSEFSSON

Kólnar á landinu:

## Jörð kemst í hvítan feld

**VEÐUR** Fólki vaknaði víða við hvíta jörð norðan- og austanlands en eftir því sem leið á daginn breyttist snjókomun víðast hvar í slyddu eða rigningu. Á Ísafirði snjóaði í byggð en þó hélt vart snjór á jörðu en fjöll voru hvít niður í miðjar hlíðar.

Á morgun er útlit fyrir svipað veður nema það verður heldur svalara. Líklega mun því landið fara víðar undir hvítan feld en gerðist í gær. Veturinn lætur því almanakið greinilega ekki segja sér fyrir verkum en samkvæmt því á hann ekki að koma fyrr en 25. október.

- jse

## Nýr forsætisráðherra Japans: Bættur efna-hagur í forgang

**JAPAN, AP** Taro Aso, sem tók við embætti forsætisráðherra Japans í síðustu viku, hélt stefnuræðu sína í japanska þinginu í gær. Hann sagði forgangsverkefni nýrrar stjórnar að styrkja höktandi efnahag landsins. Aso hét því einnig að senda japanskan sjóher til eldsneytisfyllinga í Afganistan, því enn væru lok stríðisins gegn hryðjuverkum ekki í sjónmáli.

Stöðug frammíköll voru meðan Aso flutti ræðu sína. Minna en 50 prósentu stuðningur er við nýju ríkisstjórnina, samkvæmt skoðanakönnunum.

- kg

## Börn nota klámmyndir til eineltis

Börn á aldrinum 11 til 13 ára eru farin að iðka einelti á netinu með því að nota svæsnar klámmyndir. Kynferðisbrotadeild hefur fengið fimm mál þessa eðlis inn á sitt borð. „Ótrúlega rætið og andstyggilegt,“ segir yfirmaður deildarinnar.

**LÖGREGLUMÁL** Börn hér á landi, á aldrinum 11 til 13 ára, hafa orðið uppvis að því að nota svæsnar klámmyndir til að áreiða og leggja önnur börn í einelti á netinu. Nokkur mál eðlis hafa borist til kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á árinu.

Þetta einelti og áreiði fer fram með þeim hætti að farið er inn á svæsnar klámsíður á netinu. Þær eru þannig gerðar að þeir sem fara þar inn geta sett nafn inn á viðkomandi síðu. Síðan er valin einhver klámmynd sem barnið tengir við nafn þess sem verið er að áreiða og tengir með þeim hætti þolandann. Síðan eru myndirnar sendar á milli sem skjal eða viðhengi á spjallrásunum á netinu, þannig að margir geta séð myndirnar og nafn þess sem er verið að áreiða. Gjarnan fylgir með í skjalinu að þetta sé vefsíða barnsins sem myndirnar eru merktar og því bætt við að það sé á kafi í klámi ásamt öðrum rættum athugasemdum.

„Þetta eru ljótar klámmyndir sem þau eru að senda á milli sín,“ segir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar. Hann segir að myndirnar spanni alla þá flóru sem sé að finna á svæsnum klámsíðum.

„Parna er verið að tengja barnið við alls konar óþverra og dónaskap og ná sér þannig niður á viðkomandi,“ segir Björgvin. „Þetta getur verið ótrúlega rætið og andstyggilegt,“ bætir hann við. „Við höfum verið að vinna í þessu nú síðustu daga.“

Þessi aðferð sem börn eru farin



MIJÓG ALVARLEGT Umrædd eineltismál barna á netinu eru barnaverndarmál. Þau eru þó það alvarlegs eðlis að ekki verður hjá afskiptum lögreglu komist.

NORDICPHOTOS/GETTY

að nota til að áreiða jafnaðra sína barst inn á borð kynferðisbrotadeildar eftir að foreldri eins fórnarlamb hafði kært athæfið til lögreglu. Það mál snertir allmörg börn sem hafa verið benduð við klámsíður á netinu.

„Þetta er barnaverndarmál og hefur verið unnið í samráði og samvinnu við barnaverndarnefnd,“ segir Björgvin. „En þetta er það alvarlegs eðlis að ekki verður hjá því komist að lögreglan fari inn í það. Við höfum þurft að rannsaka tölvur og MSN-samskipti.“

jss@frettabladid.is

## Hluthafafundur Glitnis: Haldinn eftir rúma viku

**EFNAHAGSMÁL** Hluthafar í Glitni koma saman annan laugardag til að ræða þjóðnýtingu bankans. Fundarstaður hefur ekki verið ákveðinn, en það verður tilkynnt fljótlega.

Um ellefu þúsund manns eiga hlutabréf í Glitni.

Tilkynnt var á mánudag að ríkið þjóðnýtti bankann og eignaðist 75 prósentu hlut. Ríkið lagði til 60 milljónir evra í nýju hlutafé, eða sem nemur 84 milljörðum króna, en hlutir annarra minnkuðu á móti.

Fulltrúar stærstu hluthafa í bankanum hafa sagst ætla að reyna að koma í veg fyrir inngríp ríkisins.

- ikh

## Porsteinn M. Baldvínsson: Stendur við orð úr Kastljósbætti

**EFNAHAGSMÁL** Þorsteinn Már Baldvínsson, stjórnarformaður Glitnis, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem

hann ítrekar orð sín úr Kastljósbætti á þriðjudagskvöld um að samþykki stærstu hluthafa í Glitni hafi ekki verið skjalfest þegar Seðlabankinn boðaði til blaðamannafundar þar sem tilkynnt var um yfirtöku ríkisins á 75 prósentu hlut í bankanum. Þorsteinn fullyrðir að Davíð Oddsson seðlabankastjóri hafi boðað til fundarins án vitundar annarra starfsmanna bankans.

Seðlabankinn vísaði fullyrðingum Þorsteins á bug í tilkynningu í gærmorgun.

- shá



ÞORSTEINN MÁR BALDVIÐSSON

Sex mánaða uppgjör Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun bíður næstu viku:

## Rætt um að fresta stokknum

**REYKJAVÍKURBORG** Það er alveg ljóst að sparnaðartilögur verða lagðar fram í aðgerðaáætlun og fjárhagsáætlunarvinnu þeirri sem borgin innir nú af hendi, segja heimildir blaðsins.

Dregið verði úr framkvæmdum og ýmsum greiðslum og verið er að skoða hvort hækka eigi gjaldskrár. Allt sé undir, meðal annars ellefu milljarða króna umferðarstokkur nálægt væntanlegu tónlistar- og ráðstefnuhúsi.

Borgarfulltrúar meirihlutans eru á því að reynt verði að halda grunnþjónustu óbreyttri, eftir því sem við verður komið. Óskar



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR Dregið verður úr framkvæmdum en leitast við að halda grunnþjónustu óbreyttri samkvæmt fjárhagsáætlun sem lögð verður fram í næstu viku.

Bergsson, formaður borgarráðs, segist ekki geta rætt þetta, því aðstæður breytist dag frá degi og hann þurfi að ná góðri samstöðu um aðgerðirnar, meðal annars með minnihlutunum.

„Við erum fyrst og fremst að fylgjast með því sem er að gerast. En allir verða að fara að gæta

aðhalds í rekstri, það er bara þannig,“ segir hann. Upphaflega átti að kynna sex mánaða uppgjör-ið og aðgerðaáætlunina í gær, en því var frestað fram í næstu viku, meðal annars vegna þess að kynningin hefði fallið í skuggann af bankaumræðu og fjárlögum, sem voru kynnt í gær.

- kóp

www.ellingsen.is

**DIDRIKSONS 1913**  
Grund Sund SWEDEN

Gæðafatnaður fyrir smáfólkið í miklu úrvali. Slitsterk og endingargóð föt.

**Ellingsen**  
— fullt hús ævintýra

# Gufubaðshús Gufubaðsklefar

verð frá  
**399.000**



**12%**  
AFSLÁTTUR  
AF HYDROPOOL  
POTTUM

Húsasmiðjan býður sem áður fullbúna rafkynta nuddpotta af ýmsum stærðum og gerðum.



# HÚSASMÍÐJUBLAÐIÐ

ER KOMIÐ ÚT ...allt í viðhaldið




**BLACK & DECKER**



**8.999**

**Hleðsluborvél**  
12V, 2 rafhlöður.  
5245420



Kaupauki með  
Hitachi Borhamar  
5247610

**HITACHI HÚFA  
FYRIR VETURINN**

**15.995**  
~~27.995~~

**Hitachi Borhamar**  
SDS, 800W, 0-3,2 Joule.  
5247150



**799**

**Vinnuvetlingar**  
m/gúmmigripi  
5866386-90

**2.999**  
~~5.999~~

**Smáhlutabox**

Keter Cantilever.  
laus box 572x307x167 mm  
5024639

**50%**  
AFSLÁTTUR



**20%**  
AFSLÁTTUR

**Pilull**

570 x 1200 x 70  
219852 **3.746**  
~~4.683~~

570 x 1200 x 95  
219858 **3.908**  
~~4.885~~

600 x 1200 x 70  
219874 **3.940**  
~~4.925~~

600 x 1200 x 120  
219876 **4.223**  
~~5.280~~

**Nótaðar spónaplötur**

12 og 16 mm

verð frá  
**868** kr/m<sup>2</sup>

**30%**  
AFSLÁTTUR

**Sólbekkir**

verð frá  
**1.870** kr/m

**Ath!**

Munið að nýta ykkur töflureikninn fyrir þakrennur sem finna má á [www.husa.is](http://www.husa.is)

**isola**



**Pakrennur**

213001-850

Norskar kantaðar PVC rennur til í hvítu og svörtu, henta öllum byggingum, einföld samsetning, kraginn á rennunum er tvöfaldur sem gerir þær stöðugri.

**20%**  
AFSLÁTTUR

**Plastmo**



Danskar plast þakrennur, mjög harðar og sterkar, enda límdar á samskeytum, til í gráu og hvítu, hægt að sérpanta svartar og brúnar. Erum einnig með Sanyl þakrennur á 20% afslætti.



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	107,9	108,42
Sterlingspund	192,5	193,44
Evra	152,62	153,48
Dönsk króna	20,459	20,579
Norsk króna	18,451	18,559
Sænsk króna	15,688	15,78
Japanskt jen	1,0168	1,0228

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
**201,241**  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vandamál sem nú steðja að gefa ekki tilefni til uppgjafar, segir forseti Íslands:

# Lærum af sjálfstæðisbaráttu

**ALÞINGI** Sé lærdómur dreginn af baráttu Íslands fyrir fullveldi og forræði yfir miðum landsins sést að vandamál sem nú steðja að eru ekki meiri að vöxtum en erfiðleikar á fyrri tímum, sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, við setningu Alþingis í gær.

Ólafur sagði þá erfiðleika sem nú steðji að hér á landi hvorki gefa tilefni til uppgjafar né örþrifa-ráða: „Þvert á móti er þjóðin nú ríkulega búin að auðlindum, fjölþættri menntun og margþættri reynslu, og hún nýtur velvildar hjá öllum ríkjum.“

Ólafur sagði að þó að sigur hafi unnist í baráttu við heimsveldi

eftir að lögsagan var færð út í tölf sjómílur fyrir 50 árum hafi úrslitin verið óviss meðan á átökunum hafi staðið. Aðstæður í heiminum hafi verið andsnúar Íslandi.

„Það þurfti framsýna forystu-sveit til að ákveða útfærslu landhelginnar, leiðtoga sem höfðu kjark til að ganga gegn vilja völdugra ríkja. Fólkið í landinu stóð einhuga að baki þeim, skildi að hin nýja sjálfstæðisbarátta var ekki síður bryn en sú sem Fjölismenn og Jón Sigurðsson hófu á sínum tíma,“ sagði Ólafur Ragnar.

Þá hvatti hann þingheim til að veita 1. desember þá virðingu sem þeim degi beri, og gera það í tæka



**ÞINGSETNING** Ólafur Ragnar hvatti þingheim til að veita 1. desember þá virðingu sem deginum beri.

tíð fyrir aldarafmæli fullveldisins árið 2018. Þjóðin muni án efa taka slíku frumkvæði vel.

Íslensk getsþá:

## Barnshafandi ung kona vann 14 milljónir

**VINNINGUR** Vinningshafinn í þrefalda pottinum í lottóinu um síðustu helgi er ung kona í sambúð sem á von á sínu fyrsta barni. Þetta kom fram á vefsíðu Íslenskrar getsþár í gær.

Á síðunni segir einnig að konan hafi verið með tíu raða lottóseðil í áskrift í nokkurn tíma og voru tölurnar sem dregnar voru út á laugardaginn í efstu röðinni á seðlinum hennar. Fjölskyldan hafi átt erfitt með að trúa því þegar tölurnar birtust á skjánum að þau væru nú orðin rúmlega fjótán milljónum ríkari.

## Frakklandsforseti vill ráðstefnu: Endurskoða þarf kapitalismann

**FRANKLAND, AP** Endurskoða þarf kapitalíska kerfið í ljósi ástandsins í fjármálaheiminum, þar á meðal háar starfslökagreiðslur stjórnenda fyrirtækja, segir Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti.

Hann hefur boðað fulltrúa Þýskalands, Bretlands og Ítalíu á fund á næstu dögum. Talið er líklegt að fundurinn fari fram í París á laugardag.

„Kreppan í fjármálaheiminum sýnir að kerfið er að verða bensínlaust,“ sagði Luc Chatel, talsmaður Sarkozy. Hann sagði að finna þurfi leiðir til að útfæra kapitalismann í nýju umhverfi.



**RÆÐA MÁLIN** Um 300 friðargæsluliðar frá ESB komu sér fyrir í fjórum stöðvum í Georgíu í gær.

## Friðargæsluliðar í Georgíu: Fá að fara að landamærum

**GEORGÍA, AP** Friðargæsluliðar Evrópusambandsins fengu í gær að kynna sér ástandið á landamærum georgísku sjálfstjórnarhéradanna Suður-Ossetíu og Abkasíu. Hlutverk þeirra er að tryggja að friðarsamkomulag milli Rússlands og Georgíu verði virt.

Talsmenn rússneskra hersins héldu því fram á þriðjudag að friðargæsluliðarnir þyrftu að halda sig fyrir utan svokallað öryggissvæði, sem nær um sex kílómetra frá landamærunum.

Þegar til kom fengu þeir þó að fara inn á öryggissvæðið án nokkurra vandkvæða.

# Þjóðhagsspá nær úr-elt á örfáum dögum

Gengi krónunnar hefur lækkað um 20 prósent síðan þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins var tilbúin 18. september. Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa sömu-leiðis versnað til muna. Óvissan er mikil en spár til lengri tíma taldar standast.

**EFNAHAGSMÁL** Þjóðhagsspá forsætisráðuneytisins var kynnt í gær í skugga óþekktra sveiflna í íslensku hagkerfi. Forsendur spárinna, sem byggð er á upplýsingum frá því um miðjan september, hafa gjörbreyst og riðlað niðurstöðum. Langtímastár eru þó taldar áreiðanlegar þrátt fyrir að þróun á landsframleiðslu og verðlagi séu háðar meiri óvissu en nokkru sinni. Spáin verður endurmetin á næstu vikum en fjárlagafrumvarpið sem einnig var kynnt í gær byggir á henni.

Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, segir að forsendur þjóðhagsspár þurfi að leggja fram í byrjun september þar sem það er lögboðið að birta þjóðhagsspá í byrjun október. „Þegar við erum að vinna að spánni verðum við að taka tillit til aðstæðna eins og þær eru á þeim tíma. Síðan hefur ýmislegt gerst og kannski meira en við höfum áður séð. Í allri spágerð verðum við að gefa okkur forsendur og sjáum ekki fram í tímenn. Tímasetningin vinnur ekki með okkur.“ Þorsteinn segist ekki vita, frekar en aðrir, hvernig gengið þróast á næstunni en gert hafi verið ráð fyrir nokkurri styrkingu í spánni.

Almennt séð segir Þorsteinn það jákvætt að nýlökkið sé framkvæmdum sem hafa aukið framleiðslugetu í áli og mikill viðsnún-ingur fyrirsjáanlegur í utanríkisviðskiptum. Eins sé að fara í gang frekari fjárfesting í stóriðju sem muni hafa jákvæð



**GÓÐ RÁÐ DÝR** Endurskoðun þjóðhagsspár er þegar hafin þrátt fyrir að hún sé byggð á upplýsingum frá því í byrjun september.

áhrif á efnahagslífið. Samkvæmt þjóðhagsspánni verður verðbólga 11,5 prósent í ár að jafnaði miðað við að gengisvísitalan sé 148,9 en hún stendur nú í rúmlega 200 stigum. Aðspurður ef gengið héldist svipað á næstu mánuðum svarar Þorsteinn að Kaupþing hafi spáð sextán prósentna verðbólgu fyrir árslok og aðrir hafi nefnt að verðbólgan fari í nítján prósent fyrir árslok. „Við höfum hins vegar ekki enn þá endurmetið þessa þróun en það er verkefni næstu daga og vikna.“

Helstu niðurstöður þjóðhagssparinnar eru að hagvöxtur verði neikvæður um 1,6 prósent á næsta ári, verðbólga verði 5,7 prósent, kaupmáttur dragist saman um 1,4 prósent og atvinnuleysi verði 2,7



**ÞORSTEINN ÞORGEIRSSON**

prósent. Gert er ráð fyrir 8,2 prósentna viðskiptahalla. Spáð er að verðbólga dragist hratt saman á næsta ári og að 2,5 prósent verðbólguarmarkið Seðlabanka verði náð á seinni hluta árs 2010. Það ár er spáð 3,5 prósent atvinnuleysi.

svavar@frettabladid.is

## Forseti Alþingis vill breytingar: Þingmannamál verði afgreidd

**ALÞINGI** Breyta ætti því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur á afgreiðslu þingmannafrumvarpa á Alþingi, sagði Sturla Böttvarsson, forseti Alþingis, í ræðu sinni við setningu þingsins í gær.

Sturla sagði að öll þingmál eigi að fá afgreiðslu úr nefndum þingsins hvort sem meirihluti í nefndinni styðji frumvarpið eða ekki. Alþingi eigi að fá að greiða atkvæði um málin, og fella ef ekki er meirihluti fyrir þeim.

Hann sagði það sína skoðun að þingmannamál ættu að fá afgreiðslu frá Alþingi á því kjörtímabili sem þau séu lögð fram á þinginu.

## Framkvæmdastjóri SA: Haglíkanið lýsir ekki aðstæðum

**EFNAHAGSMÁL** Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífisins er ósammála Helga Hjörvar þingmanni um að bankastjórn Seðlabankans þurfi að rökstyðja áform sín og ákvarðanir nánar.

„Nei, mér finnst ekki vanta rökstuðning, ég er bara ósammála þeim. Ég tel ekki að haglíkanið sem þeir nota lýsi íslenska hagkerfinu,“ segir Vilhjálmur Egilsson.

Helgi telur óheppilegt að Seðlabankinn og ríkisstjórnin hafi verið ósamstiga og leggur til að bankaráðið verði leyst upp.

ostur.is

# Ómissandi í ferðalagið

**20% afsláttur** af Samlokuosti í sneiðum í sérmerktum umbúðum í næstu verslun.

## VEÐURSPÁ

**HEIMURINN**

Kaupmannahöfn	14°
Billund	14°
Ósló	7°
Stokkhólmur	10°
Gautaborg	13°
London	14°
París	14°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	12°
Berlín	12°
Alicante	26°
Mallorca	25°
Basel	15°
Eindhoven	13°
Las Palmas	26°
New York	19°
Orlando	29°
San Francisco	21°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# Fáðu lyfin send heim

**Apótekið.is** er nýr þjónustuvefur sem annast afgreiðslu og heimsendingu á lyfseðilsskyldum lyfjum um land allt.



## Einfalt og fljótlegt

Til þess að njóta þjónustu á **Apótekið.is** með lyfseðilsskyld lyf þarf lyfseðill að berast okkur frá lækni, t.d. á rafrænan hátt. Þegar lyfseðillinn hefur borist okkur hefst afgreiðsla lyfjanna. Greiða má lyfin í gegnum **Apótekið.is** og að því loknu færðu þau send heim með pósti.

## Gerðu verðsamanburð

**Apótekið.is** er með mjög hagstætt verð á lyfseðilsskyldum lyfjum og við hvetjum sérstaklega elli- og örorkulífeyrisþega til þess að gera verðsamanburð.

Hafðu samband við okkur í gegnum heimasíðuna **Apótekið.is** eða í síma **530 5888**.





EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbriggt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.

# Fyrst og fremst í heilsudýnum



Stillanleg rúm með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu á góðu verði

### Scape Wallhugger - Eitt með öllu

- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlátt og þægilegt í notkun

Scape	Verð
120x200	309.900
160x200	479.900
180x200	499.900
KING SIZE	519.900



**IQ-CARE** ein allra besta heilsudýna í heimi.

Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkur, enda á góðu verði

Proflex	Verð
160x200	279.900
180x200	299.900


**6 mánaða**  
vaxtalausar greiðslur

Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með

**Chiropractic**<sup>®</sup>



Amerísku heilsudýnurnar



Ný sending af vinsælu sængurverasettunum.

Ný teppasett.

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI

Óseyri 2



AKUREYRI

Listhúsinu Laugardal



REYKJAVÍK

**Svefn & heilsa**



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150  
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)



...ódyrari kostur!

HEILL KJÚKLINGUR  
FERSKUR

**469** kr/kg

~~782~~ kr/kg

40%  
afsláttur



SAMBANDS HANGILÆRI  
ÚRBEINAD

**1.574** kr/kg

~~2.249~~ kr/kg

30%  
afsláttur

ÓTRÚLEGT  
VERÐ



25%  
afsláttur

LUXUS HNETUBLÖNDUR

TILBOÐIN GILDA 2. - 5. OKTÓBER

Verið velcomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold  
Akureyri - Höfn - Grindavík

Alvarlegar skemmdir unnar á leiðum í kirkjugarðinum í Hafnarfirði:

## Sorgleg aðkoma að garðinum

**LÖGREGLUMÁL** „Maður skilur ekki svona hugsunargang,“ segir Arnór Sigurðsson, kirkjugarðsvörður í kirkjugarðinum í Hafnarfirði, um skemmdir sem unnar voru á tólf leiðum í garðinum.

Luktum og blómavösum var sparkað af legsteinum og leiðum auk þess sem legsteinn var brotinn niður. Arnór segir greinilegt að einhverjir hafi gengið um garðinn og sparkað niður það sem fyrir varð.

Hann telur að skemmdirnar hafi verið unnar á sunnudags- eða mánudagskvöldið. „Það kom kona til okkar á þriðjudaginn og sagði okkur að leiði manns síns hefði

verið skemmt. Þá fórum við að ganga um og athuga þetta.“

Arnór segir engan liggja undir grun. „Við fundum bjórdósir við eitt leiðið. Þannig að það virðast einhverjir hafa setið að sumbli.“

Hann segir þetta í fyrsta skipti sem svo alvarlegar skemmdir eru unnar á leiðum í garðinum og að þau hjá kirkjugarðinum líti málið alvarlegum augum. „Okkur þykir þetta mjög leitt en maður ræður ekki við svona.“ Hann segir ekki hægt að loka garðinum á kvöldin. „Fólk verður að fá að koma að leiði sinna nánustu þegar það hefur þörf fyrir það.“

- ovd



**BROTINN KROSS** Líklegt er talið að ölvadóir einstaklingar hafi gert sér að leik að ganga um kirkjugarðinn og sparka niður því sem fyrir varð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÓR

## Íbúðalán hækkar úr 25 milljónum í 48

Mjög alvarleg hættu staðjar að heimilunum og fyrirtækjum almennt vegna gengisfalls krónunnar. Afborganir erlendra lána hafa nánast tvöfaldast. Ef gengið lagast ekki eykst hættu á gjaldprotum heimila ekki síður en fyrirtækja.

**EFNAHAGSMÁL** Íbúðalán að fjárhæð 25 milljónir íslenskra króna, sem tekið var í japönskum jenum og svissneskum frönskum fyrir ári, hefur tæplega tvöfaldast og stendur nú í 48 milljónum króna. Mánaðarlegar afborganir hafa hækkað um 120 þúsund krónur, úr 146 þúsundum í október í fyrra í 269 þúsund nú. Höfuðstóllinn hefur þá hækkað um 84 prósent.

Afborganir af bílaláni, sem var tekið fyrir ári upp á 1,2 milljónir króna í japönskum jenum og svissneskum frönskum, hafa hækkað um tæplega 70 prósent. Eftirstöðvarnar eru nú 1,8 milljónir króna.

Ekki eru til neinar tölur sem sýna nýjustu stöðuna í vanskilum landsmanna fyrr en bankarnir skila nú mánaða uppgjöri í næsta mánuði. Haraldur Ólafsson, upplýsingafulltrúi hjá SP fjármögnun, segir að vanskil vegna bílalána hafi þyngst örlítið en ekki mikið.

Þó að afborganir erlendra íbúðalána og bílalána hafi aukist virðist fjárnámum ekki hafa fjölgað mikið, að sögn Reynis Grétarssonar, forstjóra Creditinfo. Hann telur að gangi krónan ekki til baka sé hættu á holskeflu gjaldþrota og uppsagna fyrir áramót.

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Glitnis, segir að gengi krónunnar hafi viðtæk áhrif á stöðu heimilanna. Um fjórtán prósent af skuldum þeirra séu gengisbundin lán og þar hafi gengið bein áhrif. Höfuðstóllinn hækki og afborganirar sómuleiðis hratt. Þá hafi gengið áhrif á aðrar skuldir í gegnum verðtrygginguna.

„Þetta hefur áhrif á kostnað heim-



**SÁRVANTAR LAUSAFÉ** Stjórnvöld, Seðlabanki og fjármálastofnanir þurfa að gera samstillt reginátak til að sækja erlent fé inn í landið til að gjaldeyrismarkaðurinn fái lausafé sem sárvantar, að mati Ólafs Ísleifssonar, lektors við Háskólann í Reykjavík.

ilanna í vörum og þjónustu. Gengisbreytingin kemur heimilunum afar illa og rýrir kaupmátt þeirra mjög hratt. Eitt prósent lækkun á gengi krónunnar veldur 0,4 prósentu hækkun á vísitölu neysluverðs. Það sýnir hvað þessi áhrif eru sterk og sterkari en víðast í stærri hagkerfum.“

Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, telur að það geti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir fyrirtæki og heimili ef gengið helst svipað og það var í gær en telur ólíklegt að svo verði til frambúðar. „Þetta lága gengi er ekki í neinu samhengi við undirstöður efnahagslífsins,“ segir hann.

Ekki sé hægt að útiloka atvinnuleysi og flotta fyrirtækja úr landi ef ástandið breytist ekki. Stjórnvöld, Seðlabanki og fjármálastofnanir



**EKKI FJÖLGAÐ MIKIÐ** Fjárnámum virðist ekki hafa fjölgað mikið, að sögn Reynis Grétarssonar, forstjóra Creditinfo.

FRÉTTABLAÐIÐ/VARGARÐUR

þurfi að taka höndum saman í „samstilltu reginátaki til að sækja erlent fé inn í landið til að gjaldeyrismarkaðurinn fái það lausafé sem svo alvarlega vantar nú,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

Hræ af sauðfé og gæsnum finnast í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi:

## Skar lærin af lambi við veginn

**NÁTTÚRA** „Þetta er farið að minna á sauðþjófnað fyrri tíma,“ segir Guðfinna M. Hreiðarsdóttir en það var ófögur sjón sem blasti við henni á nokkrum stöðum við Skötufjörð í Ísafjarðardjúpi þar sem hún var við smalamennsku um síðustu helgi.

Þar fann hún hræ af rollu, hræ af þó nokkrum gæsnum og síðan af lambi. „Lambið fannst skammt frá veginum svo líklegast hefur verið keyrt yfir það en síðan hefur einhver, hvort sem það var nú ökumaðurinn eða einhver sem kom síðar að, haft fyrir því að skera af því lærin.“

Rollu- og gæsahræin fundust hins vegar við afleggjara sem liggur að eyðibýlinu Hjöllum. „Það hafði einhver komið rollunni fyrir þarna, það er alveg ljóst að hún hefur ekki drepist þarna. Og svo var búið að hirða bringuna úr gæsnum en afganginum hefur verið kastað þarna.“

Hún segir að eigendum hafi hvorki verið tilkynnt um lambið né rolluna.

En ekki voru raunir smalanna allar eftir að hafa



**ÓFÖGUR SJÓN VIÐ DJÚPIÐ** Hræ af gæsnum og rollu blöstu við smölum skammt frá eyðibýlinu Hjöllum í Skötufirði við Ísafjarðardjúp.

MYND/GUÐFINNA HREIÐARSDÓTTIR

horft upp á hræin. „Við gengum fram á lamb sem var alblóðugt og hafði greinilega verið bitið af hundi á aftanverðri síðunni, þetta voru það stór tannaför að þetta gat ekki verið eftir töfu. Svo það var margt undarlegt sem bar fyrir auga smala þetta árið.“

- jse



# Opnum á Korputorgi á laugardaginn!



GLERVASI OG 7 ÍSLENSKAR RÓSIR  
á aðeins **790,-**



PÚÐI 563307  
rétt verð 3490,-  
opnunartilboð  
**1.490,-**



KERTI **30%**  
afsláttur



MING SKÁPUR  
rétt verð 29.900,-  
opnunartilboð **9.900,-**



MOSAIC BRIGHT  
509763  
opnunartilboð **25%**  
afsláttur



OXFORD  
SVEFNSÓFI  
með mjúku pluss áklæði, 2 litir  
rétt verð 39.900,-  
opnunartilboð **19.900,-**



PAPASAN, stóll og pulla  
**12.900,-**



LUAN SKÁPUR 506786  
rétt verð 29.900,-  
opnunartilboð **12.900,-**



CANTON  
BLAÐAKARFA  
1923930  
rétt verð 1990,-  
opnunartilboð  
**1.490,-**

MANDARIN  
KOMMÓÐA  
Með 6 skúffum, 506366  
rétt verð 29.900,-  
opnunartilboð  
**14.900,-**



LAUFKRANS  
kertastjaki  
2061764  
rétt verð 5990,-  
opnunartilboð  
**3.990,-**

the  
**PIER**

Ótrúleg  
opnunartilboð!



**BRUNI** Brunnar leifar vöruflutningabíls og lestarvagns sjást hér nýsöttir upp úr Ermarsundsgöngunum í Coquelles í N-Frakklandi í gær. Fjórtað manns slösuðust í bruna í göngunum á dög-unum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Játaði að hafa slegið konu:

## Nefbraut fyrir spark í klof

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra dæmði á föstudag karlmann í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að nefbrjóta konu við skemmtistaðinn Sjallan á Akureyri í maí síðastliðnum.

Maðurinn játaði að hafa slegið konuna þungu höggi í andlitinu en svæfa þurfti konuna til að rétta nefbrotið auk þess sem hún hlaut nokkurt mar undir augum. Maðurinn lýsti fyrir dómi og við skýrslutöku að konan hefði fyrr um kvöldið slegið hann marg-sinnis í höfuðið og hóttað honum og unnustu hans öllu illu. Skömmu síðar hafi þau hist aftur og konan þá rekið hnéð í klofið á honum og hann því slegið hana. Með broti sínu rauf maðurinn skilorð og var tekið tillit til þess við ákvörðun refsingarinnar. - ovd

Tillaga um aðgerðir til að hækka hitastig Vesturbæjarlaugar samþykkt:

## Vesturbæjarlaugin verði heitari

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er tímabær aðgerð sem mun vonandi skila sér í lægri rekstrarkostnaði og fjölgun laugargesta, einkum og sér í lagi fjölskyldufólks,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi og formaður Íþrótt- og tómstundaráðs. Ráðið samþykkti á síðasta fundi sínum tillögu Kjartans þess efnis að ráðast í aðgerðir til að hækka hitastigið í grunna hluta Vesturbæjarlaugarinnar, eða barnalauginni. Fréttablaðið greindi í sumar frá fjölda kvartana vegna lágs hitastigs í lauginni sem meðal annars er nýtt í sundkennslu grunnskólabarna.

Að sögn Kjartans felast aðgerðirnar í því að reist verði þil úr stáli til að skilja milli grunna og djúpa hluta laugarinnar. Með þeim hætti sé unnt að stjórna hitastigi í hvorum hluta fyrir sig. „Nokkuð hefur verið um að Vesturbæjar-

hafi heldur kosið að sækja aðrar laugar, til dæmis sundlaug Seltjarnarness, vegna kulda í barnalauginni. Þessi aðgerð mun vonandi bæta úr því,“ segir Kjartan. Hann býst við að aðgerðirnar kosti um fjórar milljónir og vonast til að þær hefjist í vetur.

Framtíðarskipulagstillögur fyrir Vesturbæjarlaug gera ráð fyrir mikilli stækkun. Meðal annars verði byggð innisundlaug á neðri hæð og líkamsræktarstöð á efri hæð. Að sögn Kjartans verður þó einhver bið á að ráðist verði í slíkar framkvæmdir. „Það er framtíðarverkefni sem verði er að kanna til hlítar,“ segir Kjartan Magnússon. - kg

**HITI Í MANNSKAPNUM** Kjartan Magnússon segir Vesturbæjarlauginna hafa staðist tímans tönn að flestu leyti. Þó séu tilvonandi aðgerðir mjög tímabærar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Nýskráningar og eigendaskipti ökutækja:

## Um 28 prósentu fækkun nýskráninga

**VIÐSKIPTI** Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu hefur nýskráningum ökutækja og eigendaskiptum ökutækja snarfækkað ef bornar eru saman tölur síðasta árs.

Niðurstaðan er byggð á nýskráningum og eigendaskiptum ökutækja, ekki einungis bifreiða, á fyrstu 298 dögum landsins, eða frá 1. janúar til 19. september bæði 2007 og 2008.

Borið saman við árið 2007 hefur nýskráningum ökutækja fækkað um 27,8% og eigendaskiptum hefur fækkað um 16,5%. Þess má geta að í byrjun árs 2008 hafði nýskráningum fjölgað mjög og voru 46,8% fleiri en þær voru í byrjun árs 2007.

Þessi áberandi samdráttur nýskráninga ökutækja og eigendaskipta hefur þó ekki falið í sér augljóslegan samdrátt í kaupum á aukabúnaði í bílinn.

Samkvæmt upplýsingum frá nokkrum bílasölum höfuðborgarsvæðisins koma flestir bílar fullútbúnir og því hefur aldrei verið mikið um sölu aukahluta, þótt alltaf sé eitthvað um það.

Bílasölnurnar höfðu ekki tölu yfir hve mikið af aukahlutum hafði selst síðastliðið ár miðað við árið í ár en voru þó sammála um að ekki væri hægt að setja samasemmerki milli samdráttar í nýskráningum og sölu á aukahlutum í bíla. - aóv



**JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR** Stjórnarformaður Strætós boðar hækkanir á fargjöldum en segir ákvörðunina þó í höndum sveitarfélaganna sem standa að Strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Utanbæjarfólk fær ekki frítt í strætisvagna

Stjórn Strætós bs. segir engar forsendur vera fyrir því að gefa námsmönnum utan höfuðborgarsvæðisins frítt í vagna félagsins. Hækkanir á fargjöldum fram undan, segir nýr formaður stjórnar Strætós.

**SVEITARSTJÓRNIR** Stjórn Strætós bs. hafnar áskorun sveitarfélaga úti á landi um að framhaldsskólanemendur þaðan fái fríar strætisvagnafærðir á sama hátt og nemandur af höfuðborgarsvæðinu.

„Það stendur öllum þessum sveitarfélögum til boða að kaupa kort fyrir sína námsmenn,“ ítrekar Jórunn Frímansdóttir sem á föstudag tók við formennsku í stjórn Strætós bs.

Forveri Jórunnar í formannsembættinu hjá Strætó, Ármann Kr. Ólafsson, bendir á að 300 milljóna króna gat sé í rekstraráætlun félagsins vegna gengisfalls krónunnar og hækkanar á eldsneytisverði. Ef ekki væri fyrir þessa óheillaþróun hefðu rekstraráætlunir Strætós staðist. Þess utan segir Ármann Strætó enn bera um 500 milljóna króna halla frá tíð fyrri stjórnar. Staðan sé því afar þröng að verða við óskum sveitarstjórnarmanna utan af landi.

„Þeir benda á það, sem er nú ekki alveg út í hött, að þetta fólk fær námslán úr ríkissjóði og eyði þeim hér en ekki heima hjá sér. En sveitarfélögin hérna fyrir sunnan eru mörg hver ekki aflögu-fær. Strætó á einfaldlega ekki peninga í þetta og við höfum engar forsendur til að gera þetta en við buðum þá velkomna inn í verkefnið,“ segir Ármann.

Ármann útskýrir nánar að ef farið væri að vilja sveitarfélaganna úti á landi þyrftu öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sem eiga aðild að Strætó að taka þátt í að niðurgreiða fargjöldin fyrir landsbyggðarnemana. „Þá er verið að tala um að Álfanes, sem eigandi í Strætó, borgi hlut-

### ERLENDIR NEMAR

Erlendir nemar á höfuðborgarsvæðinu verða að eiga lögheimili í þeim sveitarfélögum sem standa að nemakortunum til að fá ókeypis nemakort í strætó. Skráning þeirra í utangarðsskrá er ekki nægileg. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Strætó.

Aður hafði verið talið að þeir erlendu nemar sem skráðir eru á svokallaða „utangarðsskrá“ ættu lögheimili hér á landi og gætu því sótt um nemakortið. Þetta reyndist rangt. Reglur Strætós eru skýrar: Einungis þeir sem eiga lögheimili á höfuðborgarsvæðinu að Garðabæ undanskildum geta sótt um nemakort. - ghs

fallslega jafnt á við Reykjavíkurborg til að niðurgreiða fargjöld fyrir námsmenn utan af landi þótt þessir námsmenn eyði nú varla miklu fé á Álfanesi. Er það eðlilegt?“

Vegna hinnar erfiðu stöðu Strætós var rætt um það á stjórnarfundinum á föstudag að hækka fargjöldin.

„Það er algjörlega á umræðustigi en sjálfsagt verður einhver hækkan þótt spurning sé hversu mikil hún verður. Þetta er mál sem eigendur Strætós verða að taka ákvörðun um. Í þessu árferði verður að skoða allar slíkar hækkanir í stærra samhengi. Það skiptir máli fyrir bæði verðbólgun og almenning að teknar séu vandaðar ákvarðanir,“ segir Jórunn.

gar@frettabladid.is

## Katla 1918 - 2008

**Málþing um Kötlu** verður haldið laugardaginn 4. október nk. í félagsheimilinu Leikskálum í Vík og hefst kl. 10:00.

Dagskrá:

**Páll Einarsson** prófessor

*Katla, eðli eldstöðvarinnar, gosvirkni og áhrif gosa á umhverfið.*

**Kjartan Þorkelsson** lögreglustjóri

*Viðbrögð við Kötlugosi, almannavarnir.*

**Guðrún Gísladóttir** prófessor, Deanne Bird og Dale Dominey-Howes

*Viðhorf íbúa og ferðamanna til Kötluvár og rýmingaráætlunar.*

**Gísli Viggósson** forstöðumaður hjá Siglingastofnun.

*Landbrot, varnir gegn landbroti.*

**Rögvaldur Ólafsson** forstöðumaður Stofnunar fræðasetra HÍ.

*Atvinnumál á landsbyggðinni, uppbygging fræðasetra*

Málþinginu lýkur um kl. 13:30 - Allir eru velkomnir.

Málþingið er hluti af dagskrá menningarhátíðarinnar Regnbogans sem haldin verður í Vík 3. – 5. október nk. Sjá nánar á [www.vik.is](http://www.vik.is)





10 STK. AÐEINS

LG  
Líf er gott

50PC51  
50" Plasma  
sjónvarp

VERÐ 289.900

189.900

ÚTSÖLUVERÐ



12 STK. AÐEINS

LG  
Líf er gott

37LT75  
37" LCD  
sjónvarp

VERÐ 219.900

139.900

ÚTSÖLUVERÐ

160 GB  
UPPTÖKU-  
DISKUR



10 STK. AÐEINS

LG  
Líf er gott

32LC56  
32" LCD  
sjónvarp

VERÐ 139.900

99.900

ÚTSÖLUVERÐ

# ALLT Á AÐ SELJAST

Þetta er aðeins sýnishorn af því sem er í boði



20 STK. AÐEINS

DRV6815  
Daewoo  
upptökutæki  
DVD & VHS

VERÐ 34.900

19.900

ÚTSÖLUVERÐ



30 STK. AÐEINS

IWXH80  
Scott hljóm-  
tækjastæða  
m/iPod dokku

VERÐ 21.900

9.900

ÚTSÖLUVERÐ



10 STK. AÐEINS

Aego M  
hvítir og svartir  
tölvuog  
iPod hátalarar

VERÐ 29.900

17.900

ÚTSÖLUVERÐ



40 STK. AÐEINS

SRX180  
Scott bíltæki

VERÐ 15.900

4.990

ÚTSÖLUVERÐ



10 STK. AÐEINS

DG2844  
Clatronic  
gufusuðupottur

VERÐ 4.390

990

ÚTSÖLUVERÐ



20 STK. AÐEINS

SM2923  
Clatronic  
töfrasproti

VERÐ 2.590

990

ÚTSÖLUVERÐ



25 STK. AÐEINS

TRA2207  
Vasa-  
útvarp

VERÐ 1.990

199

ÚTSÖLUVERÐ



40 STK. AÐEINS

VERÐ 24.900

9.900

ÚTSÖLUVERÐ

Picasso  
stafrænn  
myndarammi



Allir pottar  
50% afsláttur

50%  
AFSLÁTTUR



15 STK. AÐEINS

KOG63NR  
Daewoo örbylgjuofn  
m/grilli

VERÐ 15.900

7.900

ÚTSÖLUVERÐ



5 STK. AÐEINS

SFE60C  
Fagor þurrkari  
6kg tímastilltur

VERÐ 69.900

39.900

ÚTSÖLUVERÐ



15 STK. AÐEINS

L-1026  
Edesa þvottavél  
1000 snúninga 6kg

VERÐ 59.900

49.900

ÚTSÖLUVERÐ

## RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Líf er gott  
LG



**EID AL-FITR-HÁTÍÐ Í MEKKA** Þúsundir múslima biðjast fyrir í kringum Kabaa-steininn í Mekka í tilefni af lokum ramadan-föstumánaðarins, en sú hátíð er kölluð Eid al-Fitr. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KALDÁRBOTNAR** Eigendur Selskarðs segja vatnsból Hafnafirðinga á áhrifsvæði sínu.

Bæjarlögmaður Hafnarfjarðar:

## Hafnar kröfum um beitarrétt

**SVEITARSTJÓRNIR** „Hafi eigendur Selskarðs einhvern tíma átt beitarrétt þá er hann löngu fallinn niður fyrir tómlæti. Þar hefur enginn búskapur verið stundaður áratugum saman,“ segir Guðmundur Benediktsson, bæjarlögmaður í Hafnafirði. Í tengslum við samninga um vatnstöku í Kaldárbotnum og vatnslagnir að fyrirhugaðri átöppunarverksmiðju í Hafnafirði vilja eigendur jarðarinnar Selskarðs fá hagsmuni sína viðurkennda. „Búfjárhald og lausaganga búfjár er óheimil í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar og eigendur Selskarðs eiga engan lögvarinn rétt á að beita búfé í upplandi Hafnarfjarðar,“ ítrekar bæjarlögmaður.

- gar

Unnið að uppsetningu á dagblaðakössum í samvinnu við helstu sveitarfélög:

# Fréttablaðskassar settir upp úti á landi

**NEYTENDUR** „Lesendur Fréttablaðsins úti á landi þurfa ekki lengur að bíða eftir að verðslanir opni til að nálgast blaðið,“ segir Hannes Alfreð Hannesson, framkvæmdastjóri Pósthússins, en starfsmenn Pósthússins hafa undanfarna daga unnið að uppsetningu Fréttablaðskassa.

Tilgangur kassanna er meðal annars að tryggja rétt húseigenda til að afþakka fríblað og minnka áreiti. Þá er nýtt fyrirkomulag umhverfisvænna að því leyti að öllum umframlöðum verður komið til endurvinnslu.

Um tvær tegundir kassa er að ræða, til innanhússnota í verslunum og fjölbýlishúsum og til nota utanhúss þar sem kassarnir verða festir á ljósastaura eða húsgafla.

Unnið verður að uppsetningu kassanna á

næstu vikum. Nú þegar hafa rúmlega hundrað kassar verið settir upp í Garði, Sandgerði, Vogum, Höfnum, háskólaþorpinu Keili, Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum. Kassarnir eru settir upp í samvinnu við sveitarfélög um allt land þeim að kostnaðarlausu.

Hannes segir það fara eftir landshlutum hvenær dags blöðin eru komin í kassana. Flestir geti búist við að fá blöð milli klukkan sjö og átta á morgnana á meðan aðrir eru háðir flugi. Hann segir blaðið fara í fyrsta flug og vera þá komið í kassana milli klukkan níu og tíu á morgnana.

Þá segir Hannes lítið mál að setja upp kassa, óski fólk eftir því. „Í raun þarf bara að hafa samband við okkur hjá Pósthúsinu og kanna hvort við erum á ferð á viðkomandi svæði.“

- ovd



**BLAÐAKASSAR** Starfsmenn Pósthússins unnu að uppsetningu Fréttablaðskassa á Egilsstöðum á föstudaginn. MYND/EINAR BEN

# Um 300 starfsmönnum sagt upp í byggingariðnaði

Tæplega 300 starfsmönnum í byggingariðnaði var sagt upp um síðustu mánaðamót, langflestum hjá Ístaki en mörgum líka hjá ÞG Verk, JB Byggingafélagi og BYGG. Margir eru með sex mánaða uppsagnarfrest.

**VINNUMARKAÐUR** Tæplega 300 starfsmönnum hjá sex fyrirtækjum í byggingariðnaði var sagt upp fyrir síðustu mánaðamót. Fyrirtækin eru Ístak, Eykt, Bygg, ÞG Verk, JB Byggingafélag og Mótás. Ástæðurnar eru samdráttur í verkefnum, óvissa í efnahagslífi og erfiðleikar á markaði.

Ístak sagði upp 180 starfsmönnum, ÞG Verk sögðu upp 31 starfsmanni, JB Byggingafélag um 25 starfsmönnum, Eykt fimmtán mönnum, Mótás sextán og Byggingafélag Gylfa og Gunnars, BYGG, rúmlega 20 mönnum. Í öllum tilfellum er ástæðan samdráttur, óvissa í efnahagslífið og efnahagsástandið almennt.

Loftur Árnason, forstjóri Ístaks, segir að uppsagnirnar séu fyrsta lota í uppsögnum 300 manna sem hafi verið tilkynntar í sumar. Mennirnir séu verkamenn og tækjamenn hafi eins mánaðar uppsagnarfrest.

„Það er ekki gott að byggja þegar gengisvísitalan er komin yfir 200,“ segir Magnús Jónsson, framkvæmdastjóri Riss, og telur



Við vorum að bregðast við þessum válegu tíðindum, íbúðamarkaði í lægð og þessum skelfilega mánuðegi.

**KONRÁÐ SIGURÐSSON** SVIÐSSTJÓRI HJÁ BYGG

öllum ljóst að búið sé að loka fyrir byggingar á íbúðarhúsnæði. „Bankar og yfirvöld hafa saumað það tryggilega saman. Svo var sópað burt hundrað milljörðum úr hagkerfinu í byrjun vikunnar og þar hlupu þrjár milljarðar sem við ætludum að byggja fyrir,“ segir hann.

Gunnar Valur Gíslason, forstjóri Eyktar, segir að 15 mönnum hafi verið sagt upp störfum, einkum erlendum starfsmönnum.

Hjá Mótási var 16 sagt upp fyrir mánaðamót, bæði iðnaðarmönnum og verkamönnum á eins til þriggja mánaða uppsagnarfresti. Bergþór Jónsson framkvæmdastjóri segir að verkefnaskortur hafi verið fyrirsjáanlegur og því



**BRUGÐIST VIÐ VÁLEGUM TÍÐINDUM** „Við vorum að bregðast við þessum válegu tíðindum, íbúðamarkaði í lægð og þessum skelfilega mánuðegi. Við hörmum þetta,“ segir Konráð Sigurðsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs hjá BYGG.

miður engin önnur leið. „Við höfum byggt og selt íbúðir í mörg ár og þar hafa hlutirnir breyst. Þetta eru hálfgerðar hamfarir,“ segir hann.

Konráð Sigurðsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs hjá Bygg, harmar uppsagnirnar og segir að það taki mjög á alla að segja upp fólki með allt að sex mánaða upp-

sagnarfrest eins og margir hafi verið. „Við vorum að bregðast við válegum tíðindum, íbúðamarkaði í lægð og þessum skelfilega mánuðegi. Við hörmum þetta. Við förum með bréfin til allra okkar starfsmanna úti á vinnusvæðunum og skýrðum hvernig staðan væri og svo hittum við þá flestalla aftur,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

Use all and minimize it plus flowers and plant essences

## Besta leiðin til þess að slétta hárið

Smooth Infusion línan frá Aveda sléttir hárið og heldur því þannig. Vörulínan býður upp á sjampó, hármæringu og mótunarvörur sem tryggja þér þá mótun sem þú sækist eftir. Einstök plöntublanda býr til slétt yfirborð sem ver hárið gegn raka í lofti, gerir alla mótun auðveldu ásamt því að verja hárið við hitamótun.


Fyrsta snyrtivörumerkið sem framleiðir með

# 100% VIND ÖRKU


Fæst hjá Aveda Kringlunni og öðrum Aveda sölustöðum. [www.aveda.is](http://www.aveda.is)

# Úrval flísa


## í Múrbúðinni




Vegg, mött/glans, hvít, 25x45cm  
**1.790 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Vegg, Princess, svört, 20x45cm  
**2.190 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Vegg, Princess, hvít, 20x45cm  
**2.190 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Vegg, hvít/grá, 10x10cm  
**2.190 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Vegg, mött, ljósgrá/grá/hvít, 20x20cm  
**1.690 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Gólf, JazzClub, hvít, 50x50cm  
**2.690 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Gólf, JazzClub, grá, 50x50cm  
**2.690 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Gólf, Stone Grey 50x50cm  
**2.690 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Gólf, Stone Anthracite 50x50cm  
**2.890 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Gólf, Sunrise Beige, 33x66cm  
**2.990 kr.** pr. m<sup>2</sup>




Gólf, Sunrise Dark Grey, 33x66cm  
**2.990 kr.** pr. m<sup>2</sup>




Gólf, Sunrise Brown, 33x66cm  
**2.990 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Bílskúrs/svala, grá 33,3x33,3cm  
**1.350 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Flísar, Mosaik, Grey, 3x13cm (motta 33x66cm)  
**7.990 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Flísar, Mosaik, Beige, 3x13cm (motta 33x66cm)  
**7.990 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Gólf, Mustang, svört 30x60cm  
**3.190 kr.** pr. m<sup>2</sup>




Gólf, Regina, brún, 33,3x33,3cm  
**1.390 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Gólf, Ocean Stone, grá, 30x60cm  
**1.990 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Vegg, grá, 20x25cm  
**1.290 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Gólf/vegg, dökkbrún, 40x40cm  
**890 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Gólf/vegg, rauðbrún, 40x40cm  
**890 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Gólf/vegg, beige, 40x40cm  
**890 kr.** pr. m<sup>2</sup>

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGA-  
VÖRUM




# MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Reykjavík, Klettháls 7: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16  
Suðurnes, Fuglavík 18: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14  
Akureyri, Furuvellir 15: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



# ÚRVAL

OPNUNARHÁTÍÐ 4.- 5. OKTÓBER



VERSLANIR KORPUTORGS:



AFGREIÐSLUTÍMI  
MÁN.- FÖS. 11 - 19  
LAU. 10 - 18  
SUN. 12 - 18





GOTT FOLK


## KORPUTORG – NÝ VERSLUNAR- MÍÐSTÖÐ VIÐ VESTURLANDSVEG

Á Korputorgi geta Íslendingar loksins gert hagkvæmari stórinnaup á einum og sama staðnum þar sem úrvalið er enn meira.

Við efnum til rísa opunarhátíðar helgina 4. - 5. október með frábærum opunartilboðum og spennandi dagskrá innandyra fyrir alla fjölskylduna. Töframaður, hoppukastalar og hringekja verða á svæðinu og börnin fá blöðrur. Komdu við um helgina, njóttu skemmtidagskrárinnar með fjölskyldunni, taktu þátt í opunarleik og gerðu góð kaup. Opnum kl. 8 á laugardaginn – Næg bílastæði!

[KORPUTORG.IS](http://KORPUTORG.IS)

## AUÐVELT AÐGENGI



# KORPUTORG

Rísa verslunarmiðstöð við Vesturlandsveg

## „ORÐRÉTT“

## Skiljanlega, kannski?

„Erlendir lántakendur líta á íslenska ríkið og íslensku bankana sem eina heild.“

PÉTUR BLÖNDAL, FORMADUR EFNAHAGS- OG SKATTANEFNDAR, UM AÐ ÍSLENSKA RÍKIÐ HAFI NÝLEGA TEKIÐ ERLENT LÁN MEÐ PEIM AFLEIÐINGUM AÐ GLITNIR MISSI AF LÁNI FRÁ ERLENDA BANKANUM.

Fréttablaðið, 1. október

## Bjartsýnin blívur

„Við erum ekki búin að fá erindið afgreitt en setjum stefnuna á að komast af stað með uppbygginguna á næsta ári og að þetta fari allt upp í einu lagi.“

HANNA G. BENEDIKTSÓTTIR FJÁRMÁLSTJÓRI ÆTLAR AÐ REISA SJÓ HÆÐA HÓTEL VIÐ LAUGAVEG Í TÍÐ NÚVERANDI MEIRIHLUTA.

Fréttablaðið, 1. október

# tilveran

nær og fjær

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? JAKOBÍNA DAVÍÐSDÓTTIR, BLAÐA- OG LEIÐSÖGUMAÐUR

## Götusmiðjan og spænskir stuðboltar

„Af mér er mjög fint að frétta. Ég var fyrir stuttu að ljúka við blað sem skrifað var fyrir Götusmiðjuna sem kemur út á næstunni. Í því eru viðtöl við Pál Óskar og Jóhannes í Bónus og fullt af öðru áhugaverðu efni,“ segir Jakobína Davíðsdóttir, blaðamaður og leiðsögumaður.

„Í sumar var ég að „gæða“ á fullu en sú törn er búin í bili fyrir utan að ég á eftir fjögurra daga hvataferð með sextíu unga Spánverja sem eiga það sameiginlegt að koma að markaðsmálum orkudrykkjarins Burn og hafa haft mestar áhyggjur af því að geta ekki djammað nóg í ferðinni,“ segir Jakobína sem býst við miklu stuði í ferðinni með Spánverjunum ungu.

„Svo er ég náttúrulega að velta því fyrir mér eins og aðrir hvað sé eiginlega

að gerast í þessu landi. Það fer hrollur um mig þegar ég heyri fréttir og mér list ekkert á hvert þetta stefnir. Ekki getur maður losnað svo glatt undan þessu með því að ferðast þar sem gjaldmiðlar eru orðnir svo rosalega dýrir. Ég hugsastundum um það að fyrir um það bil fjórum

árum tók ég viðtal við forstjóra stoðtækjaframleiðandans Össurar sem var þá farinn að viðra hugmyndir sínar um að gera upp í evrum eða jafnvel farinn að gera upp í þeim gjaldmiðli þar sem honum þóttu teikn á lofti um krónuna of uggvænleg.

Umræðan var farin af stað og ég skil ekki hvers vegna ekki var brugðist við henni þá. Ég leyfi mér samt að dreyma um að setjast að á Tailandi og opna þar bar við ströndina og ganga um berfætt í sandinum laus undan áhyggjum af gjaldmiðlum og atvinnuástandi.“



## NÁTTÚRAN: ÍSLENSKA MOLDIN

■ Íslensk mold hefur öll orðið til á undanförunum 9.000-10.000 árum.



Mold köllum við brúna og frjósamasta hluta jarðvegarins, en jarðvegur er í raun öll laus jarðlög sem gróður getur fest rætur í. Íslenska moldin er úr þremur aðalþáttum (1) Áfoki, (2) leifum jurta og dýra og (3) efnunum sem vatn leysir úr berggrunninum og jarðvegskornunum. Mest er um áfokið en minnst er af efnunum úr berggrunninum og jarðvegskornunum. Mold er að finna í móajarðvegi og í mýrarjarðvegi og er þar að finna gróðursælustu svæði landsins.

## SJÓNARHÓLL

ÁSTANDIÐ Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

### Minnir helst á Blóðbaðið

Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri er umvafin drama og draumkenndum heimi í starfi sínu og á því ekki langt að sækja líkingarmálið þegar hún er spurð um efnahagsástandið.

„Fyrir utan hina beinhörðu og harkalegu dramatík síðustu daga, krónupening sem fellur hraðar en laufið af trjánunum og skuldásúpu sem vellur upp úr öllum pottum, fer ekki hjá því að atburðarásin minni meira á leikhús en nokkuð annað. Blóðbaðið á Smíðaverkstæði þjóðleikhússins þessa dagana, þar sem Macbeth og lafðin brugga gestum sínum lævis banaráð, er ótrúlega nærtæk samlíking, að minnsta kosti ef atburðarásin á bak við tjöldin er eitthvað nálægt því sem menn geta sér til um.“



TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR Þjóðleikhússtjóri.

Gregorískar messur á miðvikudagsmorgnum í Hafnarfjarðarkirkju:

## Messað gegn bölsýnistali

„Þetta byrjaði svona almennt í haust en síðan hefur mikið gengið á og núna er þetta orðið meira markvisst af því að það eru allir með þetta bölsýnistal,“ segir séra Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, um kyrrðarstundir sem haldnar eru í kirkjunni klukkan átta á miðvikudagsmorgnum.

Þórhallur segir messurnar vera ágætar til að vege upp á móti svartýnistali í þjóðfélaginu í dag og lyfta andanum. „Ég tek fyrir þætti eins og hvernig menn geti aukið jákvæðni, bjartsýni, andlegan styrk og látið sér líða betur í samfélagi við aðra,“ segir Þórhallur.

Hann segir þema þessara miðvikudagsmessna vera tíu leiðir til að lifa lífinu lifandi. „Við tökum fyrir eitt þema í hverri messu. Í

gærmorgun var hugleiðing um hvernig við getum styrkt okkur andlega. Í síðustu viku fjölludum við um bjartsýni og svo var ein stund um hláturinn, hvernig hann getur hjálpað okkur. Þetta er allt út af þessu sama, að lifa lífinu lifandi og síðan er messan umgjörðin um kring.“

Sérstakt messuform er viðhaft á miðvikudagsmessunum en það kallast gregorísk messa. „Þetta er gamalt klassískt messuform. Það er ekki leikið á hljóðfæri heldur er bara sungið og við erum með sönghóp sem heitir Lux aeterna sem fer fyrir söngnum. Þannig að við erum að skapa kósi stund fyrir fólk í morgunsárið.“

- ovd

SÉRA ÞÓRHALLUR HEIMISSON



# Tvöföldum

## söfnunarfé ...

Landssöfnun Rauða krossins **GÖNGUM TIL GÓÐS** fer fram laugardaginn 4. október. Til að leggja sitt af mörkum mun SPRON sjóðurinn tvöfalda þá upphæð sem starfsmenn og viðskiptavinir SPRON safna.

Skráið ykkur til þátttöku á spron.is og gangi ykkur vel!

SPRON sjóðurinn



www.spron.is

Spron sjóðurinn er styrktaraðili Rauða kross Íslands.



# Pönkarar móðgast eins og aðrir

**Siðareglur auglýsinga og línan þunna milli þess að vekja athygli og móðga er helsta þema Fíton-blaðsins, sem kemur út á morgun. Fréttablaðið tók þrjá af aðstandendum ritsins tali.**

„Hugmyndin að þessu þema blaðsins fæddist í sumar. Í kjölfar auglýsingaherferðarinnar „Skítt með kerfið“ sem við unnum fyrir Vodafone, urðum við varir við mikla umræðu um auglýsingar og eðli þeirra í samfélaginu. Fjöldinn allur af áhugaverðum spurningum kom

upp sem við veltum fyrir okkur í blaðinu. Hversu langt má ganga? Er í lagi að hneyksla fólk? Hvar liggja mörkin?“ segir Bragi Valdimar Skúlason, starfsmaður auglýsingastofunnar Fíton og einn aðstandenda Fíton-blaðsins sem kemur út á morgun, sjöunda árið í röð.

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Fíton, segir „Skítt með kerfið“-herferðina eina þá best heppnuðu sem stofan hafi unnið að. „Í herferðinni leitum við í smíðju pönksins og sýndum hvernig veröldin myndi mögulega líta út ef allir tækju sér lífsspeki pönkaranna til fyrirmyndar og gæfu skít í fyrirfram mótaðar venjur og siði,“ segir Ragnar. „Margir móðguðust, en það merkilega var að það voru

einna helst pönkarar, núverandi og fyrrverandi, sem tóku þessu illa.“ Örn Úlfar Sævarsson, starfsmaður Fíton, tekur í sama streng. „Margir líta á pönkið sem heilagan hlut, sem harðbannað sé að nota til að selja eitt né neitt. Það er áhugavert í ljósi þess að þeir sem komu pönkinu á koppinn á sínum tíma voru margir hverjir kaupmenn og kapítalistar sjálfir,“ segir Örn Úlfar. „Ég hélt að ekki væri fræðilega mögulegt að móðga pönkara, en annað hefur komið í ljós,“ bætir Bragi við.

Aðstandendur Fítonblaðsins höfðu samband við marga aðila úr hinum ýmsu þjóðfélagsstéttum og inntu þá eftir álitinu á auglýsingum og hlutverki þeirra. Meðal annars er að finna í blaðinu yfirlitsgrein yfir auglýsingar sem vakið hafa athygli, og jafnvel farið fyrir brjóstið á Íslendingum í gegnum tíðina. „Það er mjög fróðlegt að sjá hvernig mörkin hafa færst til í gegnum árin,“ segir Bragi. „Margir muna til dæmis eftir umdeildum alnæmis- og smokkaauglýsingum sem settu allt á annan endann á sínum tíma. Líklega yrði bara brosað að þessum auglýsingum í dag.“

Spurður um helstu niðurstöður umfjöllunar blaðsins segir Ragnar að auglýsingastofur megi gjarnan tileinka sér meiri ævintýramennsku. „Persónulega finnst mér að menn gangi ekki nógu langt í 95 prósentum tilfella. Ég held að staðreyndin sé sú að djarfar hugmyndir og áherslur skili mun betri árangri en miðjumöð og leiðindi.“ „Auglýsingar eru skilgetin afkvæmi samfélagsins,“ bætir Örn Úlfar við. „Þær bestu hreyfa við fólk á einhvern hátt.“

Fíton-blaðinu er dreift frítt til fyrirtækja, en einnig er hægt að nálgast eintak á skrifstofu Fíton.

[kjartan@frettabladid.is](mailto:kjartan@frettabladid.is)



**VIÐBURÐUR** Fíton-blaðið er unnið í samvinnu allra starfsmanna stofunnar og segja þeir Ragnar, Bragi og Örn Úlfar mikla stemningu myndast í kringum útgáfu blaðsins ár hvert.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



## SIÐAREGLURNAR BROTNAR

Hvernig auglýsingar yrðu til ef Samband íslenskra auglýsendastofa (SÍA) færi í herferð til að hvetja fólk til að fara eftir siðareglum samtakanna? Hönnuðir hjá Fíton fengu að spreyta sig á þessu verkefni með því skilyrði að siðareglurnar sjálfar væru brotnar í leiðinni. Afkrasturinn gefur að líta í Fítonblaðinu.

...okkar fólks!

## FRÉTTASKÝRING: Úrelding olíunnar

NiMH H<sub>2</sub> C<sub>2</sub>H<sub>6</sub> DME CO<sub>2</sub> O<sub>2</sub> Li-ion

1. hluti

## Byltingin gegn olíunni

Tuttugasta öldin var öld jarðolíuknúinnar iðnbyltingar; öld bensínbilsins. Sú tuttugasta og fyrsta stefnir í að verða öld rafvæðingar í samgöngum. Sú þróun gefur Íslendingum tækifæri til að verða fyrsta þjóða þjóð heims sem yrði óháð jarðefnaeldsneyti.

Sú mikla hækkun sem orðið hefur á heimsmarkaðsverði á jarðolíu á síðustu misserum, að viðbættum sláuknum pólitískum þrýstingi á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, hefur hraðað mjög þróuninni í átt að framtíð óháðri jarðefnaeldsneyti.

## Breytingar velkomnar

Einkum og sér í lagi hefur hið hækkaða olíu- og bensínverð orðið til þess að almennir bílnotendur eru nú reiðubúnari en nokkru sinni fyrr að þjóða breytingar velkomnar. Helztu bílaframleiðendur heims keppast nú við að koma á markað vistvænni valkostum. Þeir valkostir spanna allt frá sparneytnari útfærslum af hefðbundnum brunahreyfilsknúnum bílum til hreinræktaðra rafbíla. Sérstaklega stendur nú samkeppnin um að koma á fjöldaframleiðslumarkað svonefndum tengiltvinnbílum. Slíkir bílar ætla að verða næsta stóra skrefið í þá átt að gera einkabílinn óháðan jarðefnaeldsneyti og draga verulega úr koltvísýringsútbæstri hans – án þess að veita nokkurn afslátt af notagildi eða þægindum. Tengiltvinnbílur er bæði hægt að hlaða rafmagn úr heimainnstungu, sem dugar til 50-100 km aksturs á rafmagn eingöngu, en líka knýja með hefðbundnu eða lífrænu eldsneyti.

## Tækifæri fyrir Ísland

Svo háttar til hér á Íslandi að fjórir fimmtu af heildarorkunotkuninni koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsorku og jarðhita. Síðasti fimmtungur orkunotkunarinnar er bruni innfluttrar olíu og bensíns í samgöngu- og vinnuvélum landsins, á landi, legi og í lofti. Þessar aðstæður skapa Íslandi betri aðstæður en nokkru öðru þjóðu landi til að eiga raunhæfa möguleika á því að verða fyrst til að verða óháð jarðefnaeldsneyti.

Hlutföll frumorkunotkunar Íslendinga breytast hins vegar verulega ef orkunni sem fer til orkufreks iðnaðar er haldið utan við útreikninginn. Að stóriðjunni slepptri verður hlutur innleðrar orku í frumorkunotkuninni 65-70 prósent. Þar með stækkar hlutur jarðefnaeldsneytis í frumorkunotkun Íslendinga í um þriðjung í stað fimmtungs.

## Tilraunastofa framtíðarorkugjafa

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Óssur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra héldu báðir ávörp á alþjóðlegri ráðstefnu um sjálfbærar samgöngur, Driving Sustainability 08, sem haldin var í Reykjavík dagana 18. og 19. september, og vísuðu báðir til þessarar sérstöðu Íslands.

Ólafur Ragnar sagði að Ísland ætti að vera „tilraunastofa framtíðarorkugjafa og fundarstaður þeirra sem vinna að vistvænum samgöngum“. Hann hvatti erlenda gesti ráðstefnunnar, sem meðal annars komu frá Mitsubishi, Ford og Toyota, til að nýta sér Ísland sem tilraunavettvang nýrrar tækni á þessu sviði því mikilvægt væri að sýna í verki að hin nýja samgöngutækni sé nothæf við raunadstæður. Virki hún hér ætti hún að geta virkað hvar sem er annars staðar.

Óssur iðnaðarráðherra handsaladi í lok ráðstefnunnar samkomulag við forsvarsmenn japanska iðnrans Mitsubishi um prófanir hérlendis á nýjum rafbíl fyrirtækisins, sem á að fara í fjöldaframleiðslu á næsta ári, auk þess sem gera á tilraunir með uppbyggingu

þjónustunets fyrir rafbíla, þar á meðal hraðhleðslustöðvar bæði innanbæjar og meðfram þjóðvegum landsins. Í tilefni af undirritun þessara samninga lýsti Óssur því yfir að ráðstefnan hefði gert „ríkisstjórnina enn staðráðnari í að gera landið óháð olíu.“

„Markmiðið á að vera að gera okkur algerlega óháð olíu og bensíni,“ sagði Óssur í samtali við Fréttablaðið. „Það sem ríkisstjórnin þarf að gera er að tryggja breytingar á skattareglum og lögum til þess að ýta undir komu þessara bíla inn á íslenska vegakerfið,“ sagði ráðherrann. „Nú höfum við þennan samning sem tryggir okkur rafbíla þegar þeir koma í fjöldaframleiðslu. Það þýðir það að í samstilltu átaki ýmissa ráðuneyta, þar sem fjármálaráðuneytið tæki nú rösklega á, þá ætti okkur að takast mjög hratt að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og gera okkur óháða olíu og bensíni.“

## Eftirfylgni beðið

Með þessum síðustu ummælum vísar Óssur til þess að í vor skilaði stjórnskipaður starfshópur, sem í sátu fulltrúar fjögurra ráðuneyta, af sér skýrslu með tillögum að breyttu fyrirkomulagi gjaldheimtu af eldsneyti og ökutækjum. Í skýrslunni er lagt til að allt gjaldheimtukerfið, bæði aðflutningsgjöld

og aðrir skattar, miðist við magn koltvísýringsútblasturs, en samþærilegar reglur hafa verið teknar upp nágrannalöndunum. Það er á verksviði fjármálaráðuneytisins að vinna frumvarp að lögum á grundvelli tillagnanna, samþykki ríkisstjórnin að það skuli gert (sem hún hefur þegar þetta er skrifað enn ekki gert).

Það sem knýr á um að slíkar samræmdar reglur komist í gildi sem skapi skattalega hvata til að bílkaupendur velji vistvænni valkosti er meðal annars það, að um áramótin renna úr gildi tímabundnar reglugerðir sem kveða á um afslátt af aðflutningsgjöldum af tilteknum tegundum vistvænni bíla (knúnum rafmagn eða metan-gasi).

## Eftirtektarverður áfangi

Afdráttarlaus yfirlýsing iðnaðarráðherra um stefnuna á að gera Ísland óháð jarðefnaeldsneyti er eftirtektarverður áfangi í stefnumótun íslenskra stjórnvalda á þessu sviði. Hún fellur vel að áður yfirlýstu markmiði ríkisstjórnarinnar um að dregið skuli úr losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis um minnst 50-75 prósent fram til ársins 2050, miðað við losun ársins 1990.

Hún fellur einnig vel að þremur skýrslum sem unnar hafa verið fyrir stjórnarráðið á þessu ári; sú fyrsta kom út á vegum iðnaðarráðuneytisins í marzmánuði og ber titilinn „Innleð orka í stað innflutts eldsneytis“. Höfundar hennar eru Þorkell Helgason, Andrés Svanbjörnsson, Ágústa Steinunn Loftsdóttir og Sigurður Ingi Friðleifsson.

Þá skilaði fyrrgreindur „starfshópur um heildarstefnumótun skattlagningar eldsneytis og ökutækja“ af sér í vor, en niðurstöður starfshópsins voru kynntar á blaðamannafundi í byrjun júní. Og nú í september skilaði Steingrímur Ólafsson iðnrekstrarfræðingur af sér skýrslu til iðnaðarráðuneytisins um fýsileika rafbílavæðingar hérlendis.


Þá hefur ráðstefnan Driving Sustainability, sem var höfuðviðburður Samgönguviku í Reykjavík í fyrsta sinn í fyrra og var haldin í



ÁFANGI AÐ RAFVÆÐINGU Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, reynsluekur Mitsubishi-rafbil sem væntanlegur er í fjöldaframleiðslu og gera á prófanir á hérlendis. Forsetinn vill að Ísland sé „tilraunastofa framtíðarorkugjafa“.

LÖSMYND/HARALDUR JÓNASSON

## YFIRLIT YFIR LEIÐIR TIL AÐ KNÝJA ÖKUTÆKI




Heimild: „Innleð orka í stað innflutts eldsneytis“, Iðnaðarráðuneytið 2008

annað sinn í ár, tvinmælaust orðið til að skerpa vitund Íslendinga um það hve tímabært það er að leita nýrra leiða til að knýja samgöngur hér á landi, leiða sem bæði draga úr mengun, minnka kostnað og gera Ísland minna háð innflutningi á eldsneyti.

## Norðænar fyrirmyndir

Hin Norðurlöndin hafa líka sett sér metnaðarfull markmið á þessu sviði. Í næstu greinum þessa greinaflokks verða rakin dæmi frá Svíþjóð, Danmörku og Noregi um hvað hægt er að gera bæði af hálfu opinberra og einkaaðila til að ýta undir þróunina í átt að hinu jarðefnaeldsneytisóháða samfélagi. Þar verður litið til þess sem ríkisvaldið, sveitarstjórnir, fyrirtæki, frjáls félagasamtök og neytendur geta aðhafzt. Þessu til viðbótar verða rakin dæmi um tilteknar tæknilausnir sem opna nýja möguleika til að ná settu marki, einkum og sér í lagi til að ryðja brautina fyrir rafvæðingu einkabílsins jafnt sem almenningsgangana.



FRÉTTASKÝRING  
AUÐUNN ARNÓRSSON  
audunn@frettabladid.is

FYRSTA GREIN AF FJÓRUM  
Á morgun:  
Norðænar fyrirmyndir

# ODDI ÞRÍEFLDUR

**Oddi, Gutenberg og Kassagerðin**  
standa nú sameinuð og þrisvar  
sinnum öflugri undir einu merki.

Með samruna þriggja virtustu prent-  
fyrirtækja landsins getum við veitt  
þér betri, áreiðanlegri og fjölbreyttari  
þjónustu en nokkru sinni fyrr.

ISLENSKA SVAIS / ODDI 43751



Jón Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður

Ákæra í sautján liðum og 15 eintökum  
fyrir klukkan tvö á morgun.

Eiríkur Jónsson, ritstjóri

Séð og heyrt í 20.000 eintökum á hverjum miðvikudegi klukkan 23.34.

Það gildir einu hvort hugmyndin er trúnaðarmál eða á allra vörum.  
Við hjá Odda erum traustsins verð og skilum auðvitað á réttum tíma.

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, [www.odd.is](http://www.odd.is)



Framkvæmum  
hugmyndir





## **THE NORTH FACE**

- // Stærsta útivistarmerki í heimi
- // Sniðið að íslenskum aðstæðum
- // Fæst í miklu úrvali í Útilíf

*Pú getur treyst North Face útivistarvörum.*

*Veðrið er aukaatriði, rétti búnaðurinn er aðalatriði og hann færðu hjá okkur.*

# ***Haustið er komið!***

***Allar deildir fullar af nýrri haust- og vetrarvöru***

ISLENSKA STAÐ (UTI) 11527 09/08

**KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]**

<b>OMX ÍSLAND 15</b> 3.329 <b>-1,97%</b>	Fjöldi viðskipta: 1.168 Velta: 13.858 milljónir
<b>MESTA HÆKKUN</b>	<b>MESTA LÆKKUN</b>
<b>GLITNIR</b> +2,64%	<b>EXISTA</b> -10,83%
<b>FØROYA BANKI</b> +1,19%	<b>STRAUMUR-BÁ.</b> -6,35%
<b>SPRON</b> +1,15%	<b>BAKKAVÖR</b> -6,34%

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 202,8 +3,21%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,32 -0,79% ... Atorka 4,56 -0,44% ... Bakkavör 19,95 -6,34% ... Eimskipafélagið 4,00 +0,00% ... Exista 5,35 -10,83% ... Glitnir 4,67 +2,64% ... Icelandair Group 18,30 -2,40% ... Kaupþing 687,00 -0,72% ... Landsbankinn 20,00 +1,96% ... Marel Food Systems 86,20 -2,16% ... SPRON 2,65 +1,15% ... Straumur-Burðarás 7,82 -6,35% ... Össur 92,40 -1,49%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**Peningaskápurinn ...**

**Dósamatúr í kreppunni**  
Eitt fyrirtæki í S&P 500 vísitölunni amerísku hækkar meðan öll önnur hriðfalla, að því er Bloomberg viðskiptafréttaveitan greinir frá. Þetta eru bréf í dósasúpufyrirtækinu Campbell sem standa svona vel á meðan vísitalan náði niðursveiflu sem ekki hefur verið viðlíka síðan í miklu falli á haustdögum 1987. Þeir sem enn geta gantast vestra hafa í flimtingum að augljóst kreppumerki sé þegar fólk er tekið að hamstra dósamat en það skýri hækkun Campbell-súpufyrirtækisins.

**Vissi heimastjórnin?**  
Óhætt er að segja að þjóðnýtingin á Glitni hafi komið fólk í opna skjöldu, ekki aðeins hluthöfunum heldur almenningi öllum. Leynifundur í Seðlabankanum seint á sunnudagskvöld með fulltrúum allra stjórnmálaflokka og ráðherrum í ríkisstjórn voru haldnir, en út sneru menn aftur af þeim fundum



þöglir sem gröfin. Enginn hafði hugmynd um hvað var í aðsigi, eða hvað? Íbúar á netsamfélaginu Facebook spyrja sig nú hvort eitthvað hafi verið farið að leka út fyrir á sunnudagskvöld og þá til hverra, því svo merkilega vill til að Andrés Magnússon, blaðamaður á Viðskiptablaðinu, skrifaði þessa athugasemd á síðuna kl. 22.15 á sunnudagskvöldið: „Andrés myndi selja hlutabréfin sín í Glitni NÚNA.“  
Hvernig skyldi standa á því að

Andrés, sem af mörgum er talinn tilheyra svokölluðum heimastjórnararmi Sjálfstæðisflokksins, bjó yfir þessum upplýsingum á þessum tímamarki? Ekki vissi pólitíkin þá neitt, ekki hluthafar í Glitni og hvað þá almennigir í landinu. En heimastjórnin vissi ...



**Hrifinn af þjóðnýtingu Glitnis**

Paul Krugman, hagfræðingur og dalkahöfundur New York Times, bendir á að hlutfallslega sé aðgerð Seðlabanka Íslands mun stærri en björgunaraðgerðir þær sem bandarísk stjórnvöld ráðgeri. Hann fjallar á bloggsíðu sinni um yfirtöku ríkisins á Glitni og reiknast til að þjóðnýting Glitnis jafngildi 850 milljarða dollara aðgerð vestra.

Krugman segist mjög hrifinn af því hvernig íslensk stjórnvöld hafi kosið að koma bankakerfinu til bjargar. Krugman og margir bandarískir vinstrimenn hafa einmitt talað fyrir því að stjórnvöld þar taki beinan eignarhlut í þeim fjármálastofnunum sem fá aðstoð hins opinbera.

**Landsbankinn fer út á sléttu**

Landsbankinn selur mikið af erlendri starfsemi til Straums fyrir 55 milljarða króna. Sameining við Glitni ekki á dagskrá, segir bankastjóri Landsbankans.

„Við seljum þetta á 380 milljónir evra. Þessi viðskipti mynda hvorki verulegan söluhagnað né tap,“ segir Sigurjón Arnason, bankastjóri Landsbankans.

Gengið var frá sölu Landsbankans á Landsbanki Securities, Landsbanki Kepler og stóran hlut í Merrion Landsbanki, í fyrrinótt. Félögin sinna ráðgjöf og verðbréfamiðlun. Straumur greiðir fyrir með 50 milljónum evra í reiðufé, nýju víkjandi láni og útlánum.

„Fyrirtækjalán eru kjarninn í þjónustu Landsbankans og með þessu erum við að skerpa fókuginn,“ segir Sigurjón. Hann segir að Landsbankinn hafi áfram mikla starfsemi erlendis. „Hjartað í okkar erlendu starfsemi er í Lundúnum. Þar starfa 400 manns. Svo erum við með starfsemi í Finnlandi, Noregi og Hollandi, svo við gleymum ekki Lúxemborg,“ segir Sigurjón, sem bætir því við að nú styrkist eigið fé bankans.

Sigurjón segir ljóst í sínum huga að Landsbankinn sé ekki að fara að sameinast Glitni. „Það gerist ekki á næstunni.“

Fall sagði á blaðamannafundi í gær að Straumi hefði boðist einstakt tækifæri til að auka umsvif



**KAUPIN KYNNT** Willam Fall, forstjóri Straums, kynnti kaup á hluta starfsemi Landsbankans í gær.

sín og hasla sér völl í fjárfestingabankastarfsemi og verðbréfamiðlun á helstu mörkuðum Evrópu.

Fall sagði við Markaðinn að það væri tilviljun að hann hefði komið til landsins sama kvöld og fundurinn var haldinn með forsætisráðherra. Straumur næstum tvöfaldaðast að stærð miðað við starfsmannafjölda við kaupin. Um tólf hundruð manns starfa nú í bankanum sem er með starfsemi í átján löndum.

**Krónan við lægsta gildi**

**Gengisfall krónunnar stöðvast á næstu mánuðum og gengur til baka á fyrri hluta næsta árs. Verðbólga fer niður í kjölfarið. Enginn hagvöxtur fram til 2010, segir í nýrri hagspá greiningardeildar Kaupþings.**

Krónan nær brátt lágmarki og styrkist á ný, samkvæmt nýrri spá greiningardeildar Kaupþings. Gengisvísitalan verði að meðaltali um 180 stig á fjórða ársfjórðungi, styrkist á fyrri hluta næsta árs og verðbólgan muni hjaðna í kjölfarið.

„Mjög erfitt er að spá við þessar aðstæður,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildarinnar. Hann kynnti skýrsluna „Efnahagshorfur að hausti“ í gær. Ásgeir vísar meðal annars til sögulegs hruns krónunnar og ókyrrðar á fjármálamörkuðum og í bankaheimi bæði hér á landi og erlendis.

„Þegar krónan er snúin, þá er verðbólgan búin [...] Aflvaki verðbólgunnar undanfarna mánuði hefur hins vegar verið gegndarlaus veiking krónunnar og hækkun eldsneytisverðs. Um leið og krónan staðnæmist eða tekur að styrkjast verður því fátt sem yfir undir hækkandi verðlag og viðbúid að verðbólga taki að hjaðna hratt,“ segir meðal annars í



**VERÐBRÉFASALAR HJÁ KAUPÞINGI** Ný hagspá Kaupþings byggist á því að þiðna taki á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Krónan er sögð verða veik fram á fyrri hluta næsta árs.

skýrslu greiningardeildarinnar.

Ásgeir leggur áherslu á mikilvægi þess að Seðlabankinn hefji stýrivaxtalækkun sem fyrst. „Ég sé ekki þessa þenslu sem háir vextir eiga að bíta á,“ segir hann og kveður vaxtastefnu Seðlabankans hafa hætt að hafa áhrif á gengi krónunnar fyrir hálfu ári síðan. Hins vegar bítu vextirnir efnahagslífið, og að fjármálakerfið þoli þá ekki til langframa.

Ásgeir segir engan hagvöxt fyrir sjáanlegan fram til ársins 2010, en ef rétt sé haldið á spilunum taktist Íslendingum að sigla hjá veru-

legum samdrætti þjóðartekna á næstu árum. Seðlabankinn megi því ekki biða of lengi með vaxtalækkun, því þá muni þeir dýpka fyrirséða niðursveiflu.

Ásgeir tekur fram að allar spár Kaupþings byggist á því að það þiðni bráðlega á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og að mjög erfitt væri að segja til um hver þróunin yrði ef ekki færi að birta til. „Reynslan sýnir þó að markaðir eru oft fljóttir að taka við sér þegar versta örvæntingin rennur af mönnum.“

msh@markadurinn.is

**Kommóður á tilboði**

kr. 21.800

kr. 14.900

kr. 10.900

kr. 15.900

**Hirzlan**  
Smíðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

**www.hirzlan.is**

**Purfum alþjóðlega neyðaraðstoð**

„Krónan er orðin eins og geisla-virkur úrgangur sem allir forðast að koma nálægt,“ segir Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands, um gengisfall krónunnar.

Gengi krónunnar féll um þrjú prósent í gær og fór gengisvísitalan í fyrsta sinn yfir 200 stig. Lokagildi hennar í gær var 202,8 stig. Bandaríkjadalur hefur aldrei kostað jafn mikið og gengi annarra gjaldmiðla gagnvart krónunni hefur aldrei verið hærra.

Erlendir bankar, eins og Saxo banki, UBS og Royal Bank of Scotland hafa hætt öllum viðskiptum með íslensku krónuna, eftir því sem næst verður komist.

Gylfi Magnússon dósent segir að ríkisstjórn og Seðlabanki eigi engin góð úrræði nú. Gjaldveyr-



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON** **GYLFI MAGNÚSSON**


varasjóðurinn sé það lítill að ekki sé hættandi á að nota hluta hans til að styrkja krónuna. „Rýrnun forðans vegna slíks inngrips myndi bara gera illt verra,“ segir Gylfi. Þá drægi enn frekar úr trú á að Seðlabankinn geti brugðist við eftir það.

„Það hafa engir innlendir aðilar

góð spil á hendi sem stendur en hugsanlega er hægt að fá neyðaraðstoð frá erlendum seðlabönkum eða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Slík aðstoð þyrfti þó að vera mjög mikil til að hún dyggi,“ segir Gylfi. Slík aðstoð þyrfti að nema nokkrum milljónum evra en það virðist vera of seint að leita annað eftir lánum.

Þórólfur Matthíasson bendir á að yfirlýsingar stjórnenda um fjárhagslegan styrk bankanna hafi verið studdar með áliti eftirlitsstofnana eins og Fjármálaeftirlitsins. „Ein afleiðing atburða helgarnar gæti verið sú að fjárfestar treysti ekki lengur yfirlýsingum íslenskra eftirlitsstofnana og forðist íslenska pappíra af þeim sökum.“

- ikh





Gasvegi	177.40	191.80
Bjallandi	168.70	185.20
Skjaldbreiður	168.90	185.20
Hafnarfirði	166.60	181.10
Reykjavík	168.70	185.20
Deildarhlíð	168.70	185.20
Þessvígur	168.90	185.30

DV 17/6 2008

Gasvegi	170.40	188.80
Bjallandi	168.70	185.20
Skjaldbreiður	172.40	189.80
Hafnarfirði	168.00	183.70
Reykjavík	168.70	185.10
Deildarhlíð	168.70	185.20
Þessvígur	173.40	191.80

DV 19/6 2008

Gasvegi	176.40	192.80
Bjallandi	174.70	191.20
Skjaldbreiður	176.40	192.80
Hafnarfirði	174.60	191.10
Reykjavík	174.70	191.20
Deildarhlíð	174.80	191.30
Þessvígur	176.40	192.80

DV 25/6 2008

Gasvegi	177.40	193.80
Bjallandi	175.70	192.20
Skjaldbreiður	177.40	193.80
Hafnarfirði	175.60	192.10
Reykjavík	175.70	192.20
Deildarhlíð	175.70	192.20
Þessvígur	175.90	192.30

DV 2/7 2008

Gasvegi	174.90	192.10
Bjallandi	172.20	190.70
Skjaldbreiður	174.90	192.10
Hafnarfirði	173.10	190.60
Reykjavík	173.20	190.70
Deildarhlíð	173.30	190.80
Þessvígur	174.20	192.80

DV 14/7 2008

Gasvegi	173.70	191.60
Bjallandi	168.90	186.50
Skjaldbreiður	173.70	191.60
Hafnarfirði	168.80	186.40
Reykjavík	172.20	190.10
Deildarhlíð	172.30	190.20
Þessvígur	175.60	191.60

DV 21/7 2008

Gasvegi	169.70	187.60
Bjallandi	168.20	186.10
Skjaldbreiður	168.20	186.00
Hafnarfirði	168.10	186.00
Reykjavík	168.20	186.10
Deildarhlíð	168.20	186.10
Þessvígur	168.20	186.10

DV 6/8 2008

Gasvegi	166.70	183.60
Bjallandi	165.10	182.00
Skjaldbreiður	166.70	183.60
Hafnarfirði	165.00	181.80
Reykjavík	165.10	181.90
Deildarhlíð	165.10	182.00
Þessvígur	165.20	182.10

DV 12/8 2008

Gasvegi	164.70	181.60
Bjallandi	165.10	181.90
Skjaldbreiður	165.20	181.00
Hafnarfirði	163.10	179.40
Reykjavík	165.10	181.90
Deildarhlíð	165.10	182.00
Þessvígur	166.20	183.60

DV 20/8 2008

**Auratal**

Svo náttúrulegt til þess að gleðja landsmenn hekkudu ólífefélagið eldsneytisverð umtalsvert í síðustu viku. Afgangur verðs á bensínbláttum er 149,70 krónur og 106,00 krónur lífrinn af dísl.

Þyrtir þú sein langa um seotta er að þú veir að slá þetta vil Orkan en þú er ólífrætt eldsneytið að Orkan, eftir því sem bláttum komst upp. Kostur lífrinn af bensín 106 krónur í Grafarvogi, Hafnarfirði, Akureyri og Selfossi en heldur meira á öðrum stöðum hjá félögum.

Lífrinn af díslolíu er á 183 krónur á öðrum stöðum hjá Orkan. Þyrtir þú sein vilja fylgjast með þessu á upplýsingum er að þessa eldsneytið á Orkanum tína er best á vefsíðu [www.gasvegi.is](http://www.gasvegi.is)

MBL 29/9 2008

Gasvegi	164.20	181.10
Bjallandi	164.10	179.90
Skjaldbreiður	165.70	181.60
Hafnarfirði	162	177.80
Reykjavík	164.10	179.90
Deildarhlíð	164.10	179.90
Þessvígur	164.20	180.10

DV 1/9 2008

Gasvegi	165.70	181.60
Bjallandi	164.10	179.90
Skjaldbreiður	165.70	181.60
Hafnarfirði	162.00	177.80
Reykjavík	164.10	179.90
Deildarhlíð	164.10	179.90
Þessvígur	164.20	180.10

DV 2/9 2008

Gasvegi	165.70	181.60
Bjallandi	164.10	179.90
Skjaldbreiður	164.20	180.00
Hafnarfirði	162.00	177.80
Reykjavík	164.10	179.90
Deildarhlíð	164.10	179.90
Þessvígur	164.20	180.10

DV 9/9 2008

Gasvegi	165.70	181.60
Bjallandi	164.10	179.90
Skjaldbreiður	165.20	181.10
Hafnarfirði	162.00	177.80
Reykjavík	162.10	177.90
Deildarhlíð	164.10	179.90
Þessvígur	164.20	180.10

DV 16/9 2008

Gasvegi	164.70	179.60
Bjallandi	163.10	177.90
Skjaldbreiður	165.20	179.10
Hafnarfirði	161.80	175.80
Reykjavík	163.10	177.90
Deildarhlíð	163.10	177.90
Þessvígur	163.20	178.00

DV 18/9 2008

## Orkan er ódýrari.

Aftur og aftur og aftur og aftur og enn aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur og aftur...

Verðkannanir DV á tímabilinu 17. júní - 18. september sýna svo ekki verður um villst hvar eldsneytið er ódýrara. Þetta er svo enn og aftur staðfest í Morgunblaðinu 29. september.

Taktu svoltið bleikari afstöðu - spáðu í hvað þú sparar!

# Stöðugleikanum var fórnað

Seðlabankinn er harðlega gagnrýndur í skýrslu Kaupþings, hann gerði ekki það sem hann hefði átt að gera, og hann gerði það sem hann hefði ekki átt að gera.

„Töluverðar þrautir eru nú lagðar á íslenskt fjármálakerfi,“ segir í skýrslu Kaupþings, en þar er því haldið fram að Seðlabanki Íslands hafi, með röngum og ómarkvissum aðgerðum, grafið undan stöðugleika íslenska fjármálakerfisins.

Seðlabankinn er harðlega gagnrýndur fyrir að hafa ekki nýtt tímann síðan alþjóðlega lausafjárkrísan hófst fyrir fjórtán mánuðum til að efla gjaldeyrisvaraforðann og lausafjárstöðu hagkerfisins. „Þess í stað reyndu hagstjórnaryfirvöld að styrkja krónuna fyrst með því að berja áfram óvirkan vaxtamarkað með hækkun stýrivaxta og síðan þrængja enn frekar að lausafjárstöðu á fjármálamarkaðnum með útgáfu ríkistryggðra bréfa.“

Stýrivextir Seðlabankans urðu óvirkir á gjaldeyrismarkaði í mars á þessu ári þegar íslensku bankarnir hættu að geta haft milligöngu um gjaldeyrisskiptasamninga við



ÁSGEIR JÓNSSON Ásgeir, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir mistök hafa verið gerð í að halda hér vöxtum háum mitt í fjármálakrísu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

erlenda vaxtamunarfjórðinguna. Seðlabankinn hafi hins vegar ekki viljað horfast í augu við að vopn hans hafi verið orðin bitlaus.

Meðan erlendir seðlabankar leitast við að styrkja fjármálakerfi sinna landa með því að samþykkja fleiri eignir sem veðhæfar til endurhverfra viðskipta, hefur Seðlabankinn lítið gert, og ekki boðið upp

á slík viðskipti í erlendri mynt. Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildarinnar, segir að Seðlabankinn virðist hafa talið að gjaldeyrisvaraforðinn væri ekki nógu öflugur til að leyfa slík viðskipti, en ljóst sé að gjaldeyrisskiptasamningar við erlenda seðlabanka hefðu bætt þar úr.

Alvarlegasta ádrepan er þó að

Seðlabankinn hafi gert slæmt ástand verra með vaxtastefnu sinni: „Það sem Seðlabankinn hefði ekki átt að gera var að hækka vexti í miðri fjármálakrísu – eins og gerðist síðasta vor – né heldur að halda vöxtum áfram í 15,5 prósentum til þessa dags.“

msh@markadurinn.is

## Seðlabankar styðja bankana

Seðlabankar beggja vegna Emarunds gerðu bönkum og fjármála-fyrirtækjum kleift í gær að sækja sér sextíu milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 6.562 milljarða íslenskra króna, til að blása lífi í millibankamarkað í álfunni.

Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri evrópska seðlabankans, sagði í tilkynningu sem bankinn sendi frá sér í gær að bankinn myndi halda áfram að bregðast við lausafjárþurrð bankanna og styðja við bak þeirra.

Greiningardeild Kaupþings bendir á það í gær að seðlabankar um víða veröld hafi dælt öllu því lausafé sem þeir mega inn á fjármálamarkaði – í innlendum og erlendum gjaldmiðlum. Seðlabanki Íslands hafi frá áramótum einungis dælt nettó um 40 milljörðum króna inn á markaðinn. - jnb



BANKARNIR Seðlabankinn hefði átt að slaka á reglum og lána Glitni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Bankinn brást

Þeir sem fjárfesta í skuldatryggingarálögum ættu að horfa til Íslands fremur en Kasakstans og Líbanons. Þetta kemur fram í dálki Lex í breska viðskiptadagblaðinu Financial Times.

Í dálkinum er bent á að þjóðnýtingin á Glitni hafi gert illt verra enda hafi skuldatryggingarálög íslensku bankanna rokið upp.

Lex segir Seðlabankann hafa staðið almennt aðgerðalausan á hliðarlínunni þar til nú. Þegar neyðin kallaði hafi ríkið stokkið til og þjóðnýtt Glitni. Nær hefði verið að slaka á reglum líkt og í Danmörku og Írlandi og leiða bankann gegnum hremmingarnar. - jnb



Orkuveita Reykjavíkur

Ég útskrifaðist í vor úr Háskóla Íslands eftir 6 ára nám við læknadeild. Ég er hætt að vera læknanemi á námslánum og komin í Félag ungra lækna. Það að vera í félaginu þýðir að viðkomandi er með almennt lækningaleyfi en er ekki byrjaður á sínu sérnámi sem tekur að jafnaði önnur 5-7 ár. Eftir útskrift hóf ég eins og flestir bekkjarfélagar mínir kandidatsár sem er í raun mitt sjöunda námsár nema hvað að ég er á launum og með lækningaleyfi.

Ég hóf kandidatsárið á heilsugæslu úti á landi. Ég vann mína dagvinnu og tók svo gæsluvaktir hinn tíma sólarhringsins. Ég fékk ágæt laun enda fjöldi vinnustunda í hverjum mánuði í kringum 6-700. Hjartað var hins vegar í buxunum við tilhugsunina um að stórslys yrði í sýslunni, þar sem það er engin skólabók sem getur kennt manni hvernig tilfinning það er að koma að slíkum vettvangi. Að bera ábyrgð á heilsu og lífi fólks er nokkuð sem erfitt er að lýsa. Það er læknirinn sem þarf að svara fyrir það ef eitthvað bregður útaf.

Fórnin sem ég færði í sumar er nokkuð sem flestir læknar þurfa að fórna, þ.e. tíminn með fjölskyld-



ELÍSABET BJÖRGVINSDÓTTIR

unni. Þriggja ára barnið mitt átti mjög svo erfitt að skilja af hverju mamma var alltaf að rjúka út, gat ekki farið með eða sótt í leikskólann og sjaldan farið með í sund, út að leika eða hvað þá annað. Eftir dvölina á heilsugæslu úti á landi tekur núna við 9 mánaða starf á sjúkrahúsi. Grunnlaunin mín eru 274.000 á mánuði. Ef ég vildi eðlilegt fjölskyldulíf væri þetta talan í launumslaganinu mínu fyrir skatta. Ég held því áfram að fórna tíma fjölskyldunnar og vinnvaktir til að drýgja tekjurnar.

Meðalvinnuvikan hjá mér er 54 tímar, kvöld, helgar og nætur. Ég vildi óska að ég gæti bara unnið dagvinnu en ég get það ekki. Ég er þrítug, með fjölskyldu og himinhá námslán sem bíða mín. Flutningur úr landi er á næstu grösom því ég hyggst sérmennta mig. Ég verð því að nálgast fertugt þegar ég klára sérnámið og starfsævin hefst og grunnlaunin mín verða þá kominn í heilar 450 þús. og það eftir 12-14 ára heildarnám. Sú útbreidda skoðun að læknar séu hálaunastétt er mikill misskilningur. Af bloggumræðum að dæma höfum við litla sem enga samúð í kjaraviðræðum okkar. Það lítur út fyrir að það verði landflótti í læknastétt. Ég hef að minnsta kosti ekki efni á að vinna við þessi kjör, hvorki fjölskyldu- né fjárhagslega.

Höfundur er læknakandidat.

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnröð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

## Fyrsti sigur ljósmæðra

### UMRÆÐAN

Albert Jensen skrifar um kjaramál

Engin stéttarfélag hafa búíð við svo árvissar ofsóknir í formi kauplökkandi breytinga og svikinna loforða og þau sem sjá um heilsufar þjóðarinnar. Fyrir nokkrum árum ákvað stjórn Heilsugæslunnar að rifta einhliða, bílasamningum við hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Það lækkaði kaup og hrakti fólk úr störfum. Gæslan er enn í sárum eftir þá atlögu gegn starfsfólki sínu og skjólstæðingum. Til höfuðs sjúkraliðum var búin til stétt sem kallast félagsliðar og bolar nú sjúkraliðum jafnt og þétt úr störfum. Þar er minni menntun, lægra kaup og þar með dregið úr faglegri þjónustu við aldraða og fatlaða. Stjórnvöld virðast telja faglegum kröftum sóað þegar þessir hópar eiga í hlut og stefna á lægra plan fyrir þá.

Neikvæðu afleiðingarnar voru ekki með í útreikningum þá, frekar en langvarandi aðför gegn ljósmæðrum sannar. Vantraustið sem ríkisstjórnin hefur valdið nú þegar með ósanngirnri sinni, ætti að vera núverandi og komandi stjórnvöldum víti til varnaðar. Þrjúská má ekki vera leiðarljós.

Það er sorglegt að stjórnvöld



ALBERT JENSEN

vilji takmarka menntun þeirra sem annast fólk. Ljósmæður eru fámenn stétt og sérlega mikilvæg og koma næst læknum í menntun. Í lygilega mörg ár, hefur valdhöfum með

loforðum og ósannindum á víxl, tekið að halda kaup þeirra niðri. Í reynd bætir 25% hækkun launa ekki skaðann. Hvað þá 22%. Barlómur er einkenni íslenskra valdhafa þegar almenningur krefst mannsæmandi launa. Í niðursveiflu er launakrafa óraunsæ. Í uppsveiflu er hún það líka, en bara af annarri ástæðu. Sem betur fór tókst valdhöfum ekki að kúga ljósmæður og trúu í gegn þá sínu í næstu hrinu. Ljósmæður sáu í hvert óefni stefndi fyrir verðandi mæður og gerðu sér ljóst að ráðherrar heilbrigðis og fjármála, skildu ekki alvöru málsins. Því slógu þær af kröfum sínu og sönnuðu þar með að sá vægir sem vitið hefur meira. Í þessu sambandi má segja eins NN. „Stjórnmalamenn eru eins og bleyjur. Það þarf að skipta um þá reglulega og af sömu ástæðu.“

Höfundur er trésmíðameistari.

**Haustútsala**  
30-50%  
afsláttur af völdum  
vörum

**KAREN MILLEN**  
Kringlunni og Smáralind

**HAUST-ÚTSALA**  
30-50%  
afsláttur af  
völdum vörum

**WAREHOUSE**  
Kringlunni og Smáralind

# ELDBAKAN

544 8844

TAKT'ANA HEIM TILBOÐ

FRÍ 12" MARGARÍTA  
ÞEGAR ÞÚ KAUPIR  
16" PIZZU AF  
MATSEÐLI  
+ 2L GOS.



## PANTAÐU ÞÉR PIZZU AF MATSEÐLI OG ÞÚ GÆTIR VERIÐ Á LEIÐINNI TIL NEW YORK

KOMDU VIÐ Á ELDBÖKUNNI OG FÁÐU ÞÉR ALVÖRU ELDBAKAÐA PIZZU Á EINUM FLOTTASTA PIZZASTAÐ LANDSINS. ÞÚ GETUR TREYST ÞVÍ AÐ ÞÚ SÉRT AÐ FÁ ÞAÐ ALLRA BESTA. KOKKARNIR OKKAR ERU MEÐ YFIR FIMMTÁN ÁRA REYNSLU OG VITA AÐ ÞAÐ ER FERSKLEIKI OG GÆÐI SEM SKIPTA MÁLI.

NÝTT! SPELTBOTNAR, ENGINN SYKUR, EKKERT GER.

### NEW YORK NEW YORK

Í HVERT SKIPTI SEM ÞÚ PANTAR  
PIZZU FERÐ ÞÚ Í POTT SEM VERÐUR  
DREGIÐ ÚR ÞANN 20. NÓVEBER.  
Í VINNING ER FERÐ FYRIR TVO  
TIL NEW YORK Í ÞRJÁR NÆTUR Á  
ÞRIGGJA STJÖRNU HÓTELI.  
VINNINGSHAFAR VERÐA BIRTIR Á  
[WWW.ELDBAKAN.IS](http://WWW.ELDBAKAN.IS).  
FJÖLDI AUKAVINNINGA.



**TUBORG**  
NJÓTTU LÍFSINS TIL FULLS

**PEPSI-COLA**

ELDBAKAN  
ÖGURHVARF 2  
203 KÓPAVOGUR  
SÍMI 544 8844



**VERSLUN  
OKKAR ER LOKUÐ  
Í DAG VEGNA  
FLUTNINGA**

**Á ÁMMO**

**Á MORGUN KL 12:00 OPNUM VIÐ**

**OPNUM**  
**NÝJA VERSLUN**  
 ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ • OPNUM KL 12:00 Á MORGUN

**FYRSTA GREIÐSLA**  
 1. JANUAR  
**2009**  
 RAÐGREIÐSLUR TIL  
 ALLT AÐ 48 MÁN

**OPIÐ ALLA HELGINA**

**ÍS**  
 FYRIR ALLA  
 LÍFENGUR EMMES ÍS /  
 BOÐI ALLA HELGUNA MEDAN  
 BIRGÍN EUDAST

**FRÍTT HEIM AÐ DYRUM**  
 HVERT Á LAND SEM ER  
\* Þar sem Pósturinn býður upp á þá þjónustu annars á næsta pósthús

**50% AFSLÁTTUR**  
 ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR  
 AF YFIR 1000  
 TÖLVUVÖRUM

**OPIÐ ALLA HELGINA**  
**FÖSTUDAG**  
 12:00 - 19:00  
**LAUGARDAG**  
 10:00 - 18:00  
**SUNNUDAG**  
 13:00 - 17:00

**TÖLVUTEK**  
 Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • [www.tolvutek.is](http://www.tolvutek.is)


# FRÖGUN

NÝJA VERSLUN Í BORGARTÚNI 31



# Óslitin sigurganga

– Fréttablaðið er grunnurinn að dagblaðalestri þjóðarinnar




Óslitin sigurganga Fréttablaðsins undanfarin sex ár er staðfest með nýrri lestrarkönnun Capacent



## Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum.

Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.

**Fréttablaðið er með 43% meiri lestur en 24 stundir og 112% meiri lestur en Morgunblaðið**

Það er engum blöðum um það að fletta að yfirburðir Fréttablaðsins eru ótvíræðir.

Í stærsta neysluhópnum, 18-49 ára er Fréttablaðið sem fyrr, langmest lesna dagblað landsins, samkvæmt könnun Capacent Gallup maí-júlí 2008. Kannanir síðustu fjögurra ára hafa skotið samkeppnisaðilunum lengra og lengra afturfyrir Fréttablaðið. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft...

...alla daga



#### Ljós lifandi ljósgeislar

Hvítur keramikborðlampi, 18 cm í þvermál. Ljósgeislarnir sem smjúga út um götin mynda skemmtilegt blóma-mynstur á veggjunum. 1200 krónur.



#### Láttu ljósið mynstra herbergið

Hvítur keramikborðlampi, 20 cm á hæð. Mynstrið skreytir ekki bara lampann sjálfan heldur allt herbergið. 1200 krónur.



#### Fléttukarfa

Karfan er 28 x 19 x 18 cm. Hún er líka til í hvítu og þú getur eignast hana fyrir 400 krónur.



#### Fléttukarfa

Þessi 30 cm djúpa fléttaða bréfakarfa fæst líka í hvítu. Hún kostar 400 krónur.

**TIGER**  
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póströfu: tiger.kringlan@simnet.is



## Glæpur gegn ástinni

**NOKKUR ORÐ**  
Sigríður Björg  
Tómasdóttir



Augu mín opnuðust fyrir stórmerkilegum hlut í vikunni. Undir lok níunda áratugarins lögðu stórtækir höfundar íslenskra ástarsagna pennann á hilluna og þá dó íslenska ástarsagan. Snjólaug Bragadóttir frá Skáldalæk samdi fjölmargar ástarsögur sem eru meðal annars minnstæðar fyrir snjalla titla á borð við Ráðskona óskast í sveit og Dægurlagasöngkona dregur sig í hlé. Ingibjörg Sigurðardóttir samdi ótal íslenskar ástarsögur sem áttu dyggan hóp lesenda, hennar bækur voru til dæmis alltaf í jólapakka ömmu minnar heitinnar. Í bókum hennar var starfsfólk heilbrigðisstétta gjarnan í höfuðrullu, lækur í leit að hamingju fann hana í hjúkrunarkonu. En þegar þessar góðu konur hættu að skrifa tók af einhverri ástæðu enginn upp ástarþráðinn sem þó er mikill markaður fyrir hér á landi. Mörg þúsund manns

eru áskrifendur að rauðu ástarsögnum sem eru þýddar og seldar nokkrar saman í pakka. Nú þykir ekki fínt og hefur aldrei þótt að lesa dæmigerðar ástarsögur. Fólk gerir það nú samt, eða ég ætti kannski að segja konur, þær hafa haldið þessum menningarkima gangandi og gera líklega enn. Framan af tuttugustu öldinni þótti líka lítið fínt að lesa glæpasögur og íslenskar glæpasögur voru álfka mikil neðanjarðarmenning og ástarsögurnar, lítið um þær skrifað og illa varðveittar. Eins og allir vita eru þær heldur betur komnar upp á yfirborðið. En ástin er enn neðanjarðar og kviknar ekki á Íslandi því íslenskir höfundar sinna henni ekki. Nægur er efniviðurinn auðvitað. Athafnakona í ástarbáli og Fasteignasali finnur hamingjuna, eru titlar sem mundu örugglega kveikja í lesendum. Nú er bara að vona að andinn komi yfir einhvern snjallan penna, við þurfum ást í kreppunni.

## myndasögur


### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli




### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# TÖLVUSKJÁIR Á FRÁBÆRU TILBOÐI



**acer**

**19" ACER AL1916C LCD SKJÁR**

19" Acer AL1916Cs er flottur svartur og silfurlitaður skjár með 1280x1024 í upplausn, 700:1 í skerpu og 5ms viðbragðstíma. Góður skjár á frábæru tilboði, þú mátt ekki missa af þessu!!



**acer**

**19" ACER V193WB SKJÁR**

Svartur breiðtjaldsskjár með 1440x900 upplausn, 2000:1 í skerpu og 5ms



**ASUS**

**20" ASUS MW201U SKJÁR**

Svartur breiðtjaldsskjár með 1680x1050 upplausn, 700:1 í skerpu og 2ms



**acer**

**22" ACER V223WBD SKJÁR**

22" Acer V223Wbd er stórglæsilegur svartur breiðtjaldsskjár með 1680x1050 í upplausn, 2500:1 í skerpu og 5ms viðbragðstíma. Frábær skjár á betra verði í Tölvulistanum

**21.990**



**SAMSUNG**

**22" SAMSUNG 2253BW SKJÁR**

22" Samsung Syncmaster er glæsilegur svartur breiðtjaldsskjár með 1680x1050 í upplausn, 8000:1 í dynamic skerpu og 2ms viðbragðstíma. Flottur skjár fyrir alla á heimilinu og í alla almenna vinnslu



**SAMSUNG**

**24" SAMSUNG T240 LCD SKJÁR**

24" Samsung Syncmaster er glansandi svartur breiðtjaldsskjár með rós rauðum blæ, með 1920x1200 í upplausn, 20.000:1 í dynamic skerpu, 5ms viðbragðstíma, VGA, DVI og HDMI tengi. Flottur skjár fyrir þá sem gera kröfur um myndgæði og hraða



**MONSTER SCREEN CLEAN**

**HREINSISPRAY**

Hreinsispray fyrir skjái og sjónvörp, sérstakur hreinsiklútur fylgir



**Vogel's**

**LCD VEGGFESTING**

Vogels 11-30" LCD veggfesting sem ber allt að 30kg skjá eða sjónvarp



**SAMSUNG**

**24" SAMSUNG T240 LCD SKJÁR**

24" Samsung Syncmaster er glansandi svartur breiðtjaldsskjár með rós rauðum blæ, með 1920x1200 í upplausn, 20.000:1 í dynamic skerpu, 5ms viðbragðstíma, VGA, DVI og HDMI tengi. Flottur skjár fyrir þá sem gera kröfur um myndgæði og hraða

**2.990**

**3.990**

**74.990**

# TÖLVU LISTINN TL.IS

TL.IS  
www.tolvulistinn.is

## Góð aðsókn að Braga



**Kl. 16**

**Pallborðsumræður um veggjakrot fara fram í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag á milli kl. 16 og 18. Umræðurnar eru á vegum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík í tilefni af sýningu heimildarmyndarinnar *Bombaðu það! en hún fjallar einmitt um veggjakrot. Í umræðunum verður leitast við að svara áleitnum spurningum á borð við hvort veggjakrot sé sjónmengun eða list og hvort betra sé að leyfa það eða banna.***

Ef aðeins er tekið mið af aðsóknartölum má ætla að löngu hafi verið orðið tímabært að setja upp veglega yfirlitssýningu á verkum Braga Asgeirssonar, en aðsókn á sýningu hans á Kjarvalsstöðum hefur farið fram úr björtustu vonum. Gestafjöldi frá því að sýningin var opnuð 13. september síðastliðinn er á sjöunda þúsund og hátt á annað hundrað bóka um listamanninn hafa selst. Að auki hafa skipulagðar leiðsagnir verið afar vel sóttar af gestum á öllum aldri. Þá hefur það komið gestum skemmtilega á óvart hve listamaðurinn er iðinn við að venja komur sínar á Kjarvalsstaði og eiga orðastað



við þá. Bragi hefur líka staðið vaktina við að árita bókina Augnásinfóníu sem fjallar um líf hans og list, en síðastliðinn sunnudag myndaðist löng biðröð við áritunarborðið. Bragi mun árita bók sína síðar á sýningartímabilinu og verður það þá kynnt sérstaklega. Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir ýmsum viðburðum tengdum sýningunni. Um nýliðna helgi var Sigurlaug Ragnarsdóttir til að mynda með leiðsögn um sýninguna en Sigurlaug hefur unnið

> **Ekki missa af ...**

leikstjóraspjalli með franska rithöfundinum og leikstjóranum Philippe Claudel, en hann situr fyrir svörum í Regnboganum við Hverfisgötu í kvöld að lokinni sýningu á myndinni Ég hef lengi elskað þig. Myndin er sýnd á vegum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík og segir frá sambandi tveggja systra sem þurfa að gera upp fortíð sína. Sýningin hefst kl. 19.30.

# menning

menning@frettabladid.is



## Listir rannsakaðar

Listaháskóli Íslands stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um rannsóknir í listum sem haldin verður í húsnæði skólans við Sölvhólsgötu 13 á morgun og á laugardag. Á ráðstefnunni munu framsækni lykilfyrirlesarar flytja erindi um þau mismunandi sjónarhorn sem hugmyndafræði listrannsókna byggir á ásamt því sem rætt verður um ýmis vandamál er upp koma þegar listir ryðja sér til rúms í fræða- og vísindaheiminum.

Listaháskólinn vinnur nú að uppbyggingu rannsóknatengds framhaldsnáms og vill með þessum viðburði efna til líflegra rökræðna um erindi lista í fræðasamfélagið.

Ráðstefnan er öllum opin og er aðgangur ókeypis. Dagskrá hennar hefst kl. 9 í fyrramálið en kl. 10 á laugardagsmorgun. - vp

## Tveir móðernistar

Sýning á verkum eftir þá Sigurjón Ólafsson og Þorvald Skúlason verður opnuð í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, nú á laugardag kl. 15. Yfirskrift sýningarinnar er Tveir móðernistar.

Verkin á sýningunni eru fengin að láni frá Listasafni Háskóla Íslands og Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og eru safnstjórar þessara safna, þær Auður A. Ólafsdóttir og Birgitta Spur, jafnframt sýningarstjórar sýningarinnar í Hafnarborg. Að sögn Birgittu var hvatinn að baki sýningunni hundrað ára fæðingar-afmæli Sigurjóns nú í ár.

„Okkur langaði til að heiðra þessi tímamót með einhverjum hætti. Þeir Sigurjón og Þorvaldur voru svo gott sem jafnaldrar og sýndu mikið saman á sínum tíma, bæði hér heima og í Danmörku, og því þótti okkur upplagt að efna til enn einnar samsýningar þeirra.“ Eins og íslenskt listaáhugafólk veit voru þeir Sigurjón Ólafsson myndhöggvari og Þorvaldur Skúlason listmálari í hópi framsækustu listamanna sinnar samtíðar og á rúmlega hálfri aldar starfsferli sínum beindu þeir nýjum móðernískum straumum inn í íslenska myndlist á 20. öld. Það kemur því vart á óvart að sýningarstjórnir höfðu móðernískar forsendur að leiðarljósi við val verka á sýninguna.

„Það er afar áhugavert að skoða framlag þeirra Sigurjóns og Þorvalds til móðernískrar listar hér á landi,“ segir Birgitta. „Þeir höfðu um margt svipaða nálgun og svipaðan bakgrunn, unnu til að mynda báðir með klassíska myndbygg-



SIGURJÓN OG ÞORVALDUR Með áhrifameiri íslenskum myndlistarmönnum.

ingu og svipuð minni koma ítrekað fyrir í verkum þeirra, til að mynda sjómennskan. En verk þeirra eru þó jafnframt afar ólík; það er meira sprell í verkum Þorvaldar og hann hreyfir sig frjálslegar á milli efna og móttíva en Sigurjón.“

Á meðal verka á sýningunni eru sannkölluð lykilverk frá ferlum listamannanna tveggja en jafnframt kennir nýrra grasa. Þannig koma á sýningunni í fyrsta sinn fyrir almenningssjónir um eitt hundrað vinnuteikningar eftir Þorvald. Birgitta segir sérlega ánægjulegt að geta sett saman sýningu sem býður gestum upp á að upplifa samtál á milli verka

þeirra Sigurjóns og Þorvalds, ekki síst þar sem áhrifa þeirra gætir enn víða í myndlist í dag. „Eg sé áhrif Sigurjóns enn þann dag í dag, til að mynda þegar listamenn prófa sig áfram með að vinna í við og önnur efni sem hann notaði gjarnan.“

Það sama mætti segja um Þorvald og verk hans, auk þess sem hann hafði mikla ánægju af því að kenna og útskýra og hefur því vafalaust opnað augu margra fyrir nútímalist.“

Sýningin Tveir móðernistar verður opnuð í Hafnarborg á laugardag kl. 15 og stendur til 9. nóvember. [vigdis@frettabladid.is](mailto:vigdis@frettabladid.is)



## Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

### Ástin er diskó, lífið er pönk

Hallgrímur Helgason

Ekki missa af eldfjörugum söngleik fös. 3/10, lau 4/10 **örfá sæti laus**

### Klókur ertu, Einar Áskell

Bernd Ogródnik

Heillandi og krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin sun. 5/10 þrjár sýningar, **örfá sæti laus**

### Skilaboðaskjóðan

Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson

Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna! sun. 5/10 kl. 13 **örfá sæti laus**



### Engisprettur

Biljana Srbljanovic

Heillandi leikhúsveisla Aðeins þrjár sýningar eftir sun. 5/10 **örfá sæti laus**

### Macbeth

William Shakespeare

forsýn. fim. 2/10 **uppselt frumsýn. sun 5/10 uppselt**

### Hart í bak

Jökull Jakobsson

Frum-sýning 17. október **Örfá sæti laus** á fyrstu fimm sýningarnar **Tryggðu þér sæti!**

[www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

## Sinfó undir áhrifum austurs

Tónleikar Sinfóníuhljómssveitar Íslands í kvöld verða með austurlensku yfirbragði, nánar tiltekið indónesísku, en þá verður flutt tónlist sem á einn eða annan hátt sækir innblástur í gamelan-tónlist frá Jövu og Balí. Á föstudaginn verður síðan hluti efnisskrárinna, nánar tiltekið verkin eftir Colin McPhee og Nico Muhly, endurtekinn á „Heyrðu mig nú!“ tónleikum sem hafa óformlegra yfirbragð en hefðbundin tónleikar, enda sniðir að þörfum yngri kynslóða tónlistarunnenda.

Hin seiðandi indónesíska slagverkstónlist sem kallast gamelan barst fyrst til Vesturlanda á heimssýningunni í París 1889, en þar heyrði Claude Debussy hana. Áhrifa frá þeirri reynslu gættir ótvírætt í marglitum og mögnuðum tónavef hans upp frá því, ekki síst í stórvirkinu La Mer sem flutt verður á tónleikum. Hljómssveitin flytur einnig konsert fyrir tvö píanó eftir Frances Poulenc, og er ljóst að hann var ekki síður undir áhrifum gamelan en Debussy. Þó hafa væntanlega fáir

gengið eins langt í aðdán sinni á gamelan eins og kanadíska tónskáldið Colin McPhee, en hann fluttist til Balí og bjó þar í tíu ár. Verkið Tabuh-Tabuhan frá 1936, sem einnig er á efnisskrá tónleikanna, ber þess skýr merki og er auk þess markverður upptaktur að naumhyggju í tónlist sem komst í tísku löngu síðar.

Síðast en ekki síst flytur hljómssveitin verkið Wish you were here eftir bandaríkjamanninn Nico Muhly. Hann er klárlega einn áhugaverðasti tónhöfundur vestanhafs nú um stundir og hefur hann unnið að afar fjölbreyttum verkefnum. Auk hefðbundinna tónsmíða hefur hann unnið með listamönnum úr poppheiminum á borð við Anthony Hegarty, Valgeir Sigurðsson og Björk.

Stjórnandi á tónleikum er James Gaffigan, en einleik – eða tvíleik – í verkum Poulencs og McPhees leika Sviarnir Roland Pöntinen og Love Derwinger.

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói og hefjast kl. 19.30 í kvöld en kl. 21 annað kvöld. - vp



NICO MUHLY Áhugavert bandarískt tónskáld á verk á tónleikum Sinfóníunnar í kvöld og annað kvöld.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**Fimmtudagur 2. október**

→ **Kvikmyndir**

**RIFF Alþjóðleg kvikmyndahátíð** í Reykjavík hefst í dag og mun standa til 5. okt. Nánari upplýsingar á [www.riff.is](http://www.riff.is).

→ **Tónleikar**

**21.00 Goth báðum megin** Hljómsveitin Skátar heldur upp á útgáfu smáskífu á Kaffibarnum, Bergstaðastræti 1. Einnig koma fram Sudden Weather Change og Sykur.

**21.21 Aflið** - samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi, halda styrktartónleika í Sjallanum, Geislagötu 14, Akureyri. Fram koma Hvanndalsbræður, Hundur í óskilum og Sniglabandið ásamt fleirum.

→ **Töfrabrögð**

**20.00 Töfrakvöld**

Hins íslenska töframangildis verður haldið í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi. Fram kemur argentínski töframaðurinn Henry Evans auk fjölmargra íslenskra töframanna. Miðasala á [www.salur-inn.is](http://www.salur-inn.is) og [www.midi.is](http://www.midi.is).



→ **Opnanir**

**Stafræn skissubók** í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu, opnar sýning á verkum Síssú. Sýningin stendur til 2. des. og er opin virka daga frá 12.00-19.00 og 13.00-17.00.

→ **Sýningar**

**Margsaga** Sýning Katrínar Elvarsdóttur hefur verið framlengd til 14. okt. Opið mið.-lau. kl. 12.00-17.00. Gallerí Ágúst, Baldursgötu 12.



**Reykviska eldhúsið** Sýning um mat og mataræði Reykvíkinga á 20. öld, Aðalstræti 10. Opið virka daga 9.00-18.00, á fimmtudögum til 22 og um helgar 12.00-17.00. Sýningin stendur til 23. nóv.

**Prjónaheimur** Lúka Systurnar Gunnhildur og Brynhildur Þórðardætur sýna hönnun á munstri fyrir íslensku ullina á Torginu í Þjóðminjasafni Íslands. Opið alla daga vikunnar nema mánudaga frá kl. 11.00-17.00. Þjóðminjasafnið, við Suðurgötu. Sýningin stendur til 12. okt.

→ **Síðustu Forvöð**

**Fés og figúrur** Ljósmyndasýningu Ellerts Grétarssonar í Ljósmyndagalleríinu Fótógrafi við Skólavörðustíg 4, lýkur 3. okt. Opið alla daga frá kl. 12.00-18.00.

**Sigga Björg Sigurðardóttir** sýnir verk í 101 Gallery, Hverfisgötu 18a. Sýningu lýkur 5. október.

→ **Námskeið**

**Arthur Hull og Karl Ágúst Úlfsson** verða með námskeið í trumbustjórnum og myndun trommuhringja í Bláfjöllum helgina 3.-5. okt. Nánari upplýsingar í síma 862-1482 eða á [info@hljodfaerahusi.is](mailto:info@hljodfaerahusi.is) og [karlagust@trumba.is](mailto:karlagust@trumba.is).

→ **Listamannspjall**

**20.00 Allir gera það sem þeir geta** Listamennirnir Libia Castro og Ólafur Ólafsson verða með listamannspjall í fjölnotasal Hafnarhússins við Tryggvagötu. Sýning á verkum þeirra stendur yfir til 2. nóvember. Opið alla daga 10.00-17.00, fimmtudaga opið til kl. 22.00.

→ **Tónlist**



**12.15 Klassík í hádeginu** Nina Margrét Grímsdóttir pianóleikari og Arnþór Jónsson sellóleikari flytja verk eftir Webern og Brahms í

Meningarmiðstöðinni Gerðubergi, Gerðubergi 3-5.

**21.00 Jazzklúbburinn Múlinn** Hljómsveitirnar Skver og Kvartett Jóels Pálssonar flytja tónlist á Café Rósenberg, Klapparstíg 25.

→ **Myndlist**

**Flæði** Guðný Svava Strandberg sýnir pennateikningar og vatnslitamyndir í Boganum í Gerðubergi, Gerðubergi 3-5.

**Pleinairism** i8 gallery er með sýningu á verkum 38 myndlistarmanna frá ýmsum löndum. i8 gallery, Klapparstíg 33. Opið þri.- fös. 11.00-17.00 og lau. 13-17.00.

**Fjölleikar** Ilmur Stefánsdóttir sýnir í sýningarsal listasafns Reykjanesbæjar í Duushúsum, Reykjanesbæ. Sýningin stendur yfir til 19. okt. og er opin alla daga frá 11.00-17.00.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)

**RANNSÓKN**  
3. og 4. október  
**Alþjóðleg ráðstefna um rannsóknir í listum**

**Föstudagur, 3. október:**

09.00-09.15  
Opnun ráðstefnu

09.15-10.15  
Henk Borgdorff  
Positioning Artistic Research

10.15-10.45  
Katrine Hjelde  
Constructing a Reflective Site?

10.45-11.00  
Kaffihlé

11.00-12.00  
Georg Weinand  
Artistic research: What for?

12.00-13.30  
Hádegishlé

13.30-14.30  
Terry Rosenberg  
Worthy of Gordius: The knotty problem of configuring creative practice as research

14.30-15.00  
Mark Curran  
The Breathing Factory: A Globalised Evocation

**Laugardagur, 4. október:**

10.00-11.00  
Mary Anne Francis  
Art as Research: A Glossary

11.00-11.30  
Bryndís Snæbjörnsdóttir  
Glazing the Gaze in a Human Animal Encounter

11.30-11.45  
Kaffihlé

11.45-12.45  
Simon Bayly  
You are Here: Relocating 'Artistic' Research in the Contemporary University

Ráðstefnan er haldin í húsnæði skólans við Sölvhólgötu 13. Hún er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Ráðstefnutungumálið er enska.

<http://lhi.is/rannsoknir/radstefna/>

**JANIS 27**  
EFTIR  
**ÓLAF HAUK SÍMONARSON**

**BRYNDÍS ÁSMUNSDÓTTIR**  
**ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR**

LÝSING: PÁLL RAGNARSSON  
BÚNINGAR: ÞÓRUNN E. SVEINSDÓTTIR  
LEIKMYND: FINNUR ARNAR ARNARSON  
LEIKSTJÓRN: SIGURÐUR SIGURJÓNSSON

TÓNLISTARSTJÓRN: JÓN ÓLAFSSON  
HLJÓMSVEIT: GUÐMUNDUR PÉTURSSON, GÍTAR  
STEFÁN MAGNÚSSON / BÖRKUR HRAFN BIRGISSON, GÍTAR  
INGI BJÖRN INGASON, BASSI  
KRISTINN SNÆR AGNARSSON, TROMMUR

FRUMSÝNT 3. OKTÓBER 2008

MÍÐASALA Á OPERA.IS, MIDI.IS  
OG Í MÍÐASÖLU ÍSLENSKU ÓPERUNNAR.  
SÍMI MÍÐASÖLU: 511 4200.

ÍSLENSKA ÓPERAN  
WWW.OPERA.IS



Greinilega færri hrukkur.

Húðin „ýtir“ þeim  
bókstaflega sjálf upp.

20% afsláttur af RÉNERGIE  
REFILL kreminu í gjafaöskju, meðan  
á kynningu stendur og birgðir endast



## RÉNERGIE REFILL

*Intense Anti-Wrinkle Reactivating Treatment SPF 15*

- Nýjung Lancôme: vegna sérfræðipekkingar á endurbyggingu húðar hefur rannsóknarstofnunum tekist að hanna einstaka samsetningu sem kallast **Refill technology**. Hún er í stakk búin að **endurheimta náttúrulega myndun fyllingarefna húðarinnar**, með það fyrir augum að berjast gegn hrukkum.
- Árangurinn: húðin er samstundis sléttari. Eftir 4 vikur er húðin greinilega unglægri og með betra fjaðurmagn. Hrukkur hafa minnkað, líkt og þeim hafi verið ýtt upp innan frá.

Heimsæktu [Lancome.com](http://Lancome.com)

LANCÔME  
PARIS

# LANCÔME DAGAR Í HAGKAUP

GARÐABÆ, HOLTAGÖRÐUM OG KRINGLUNNI 2. - 8. OKTÓBER

Sérfræðingar frá Lancôme bjóða alla sem vilja fá persónulega ráðgjöf og læra einfalda förðun hjartanlega velkomna:

- Ný krem sem styrkja og byggja upp húðina.
- Nýjan, heitan, flottan ilm - MAGNEFIQUE
- Haustlitina sem eru með áhersluna á flott augu með indversku ívafi.
- Nýtt krem sem fyllir húð karlmannna orku og hreysti.
- Nýja varaliti sem næra og fegra varirnar.

Glæsilegir kaupaukar, fyrir dömur og herra, fylgja þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 6.000 kr. eða meira.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

## > GRANATEPLI

Prófaðu að blanda fræjunum úr granateplum út á ís kvöldins. Þau eru súr og fersk á bragðið og lífga upp á hefðbundinn vanilluís með heitri og þykkri súkkulaðisósu - svo ekki sé minnst á hvað þau eru falleg.



# matur&vín

maturgvin@frettabladid.is



**MATGÆÐINGURINN RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI NORDICA SPA**

## Byrja daginn á hnetusmjöri og sultu

### Hvaða matar gætirðu síst verið án?

Ég gæti ekki verið án brauðsins úr Grímsbæ með hnetusmjöri og sultu. Það kemur mér í gang á hverjum degi.

### Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Rjúpurar hjá mómmu á jólnum eru besta matur sem ég fæ.

### Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Ég verð að segja þorramatur. Get alls ekki borðað hann.

### Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Ekkert ákveðið leyndarmál svo sem, en ég nota frekar sojajólk og sojavörur í staðinn fyrir mjólk og mjólkurvörur. Ég breyti líka oft kjötuppskriftum í grænmetisuppskriftir, eins og til dæmis lasanja.

### Hvað borðarðu til að láta þér líða betur?

Ég er alveg veik fyrir nachos og ostasósu, þyrfti kannski að ná mér yfir þann veikleika við tækifæri.

### Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Hnetusmjör og sultu.

### Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Ég get varla verið án hentusmjörsins, en ætli ég myndi ekki taka með mér nóg af íslensku vatni.

### Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Fyrir mörgum árum borðaði ég froskalappir á Flórída og fannst þær bara nokkuð bragðgóðar. Hef reyndar líka borðað antilópukjöt og fannst það nokkuð bragðgott.



**NÝ NÁLGUN** Steininn segir það hægara sagt en gert að elda góðan mat þar sem grænmeti er í aðalhlutverki.

## Matreiðslumeistari í hollustunni

„Ég var búinn að gera allt sem ég get í „à la carte“ eldhúsi og vinna allt sem hægt var að vinna. Ég átti þetta eftir svo ég ákvað að breyta til og fara yfir í heilsuna, enda er hreyfing og heilsa eitt af mínum aðaláhugamálum,“ segir Steininn Óskar Sigurðsson matreiðslumeistari sem tók við yfirmannsstöðu eldhúss Manns lifandi og Græns kosts í ágúst síðastliðnum. Steininn starfaði áður um nokkurra ára skeið hjá veitingastaðnum Sjávarkjallaranum og síðar á Silfri, en hann var valinn Matreiðslumaður ársins 2006 og lenti í þriðja sæti í keppninni um Matreiðslumann norðurlandanna í fyrra.

„Hér er allt önnur nálgun á matreiðslu heldur en á þeim stöðum sem ég hef starfað á. Til dæmis er unnið miklu meira með grænmeti og það var eitthvað sem mig vantaði inn í minn grunn. Það er hæg-

ara sagt en gert að elda góðan mat þar sem grænmeti er í aðalhlutverki, þó svo að við leggjum líka mikið upp úr öðru hráefni og ég er læra eitthvað nýtt á hverjum degi af því fólki sem hér starfar,“ útskýrir Steininn sem vinnur að ýmiss konar breytingum þessa dagana.

„Ég ætla að nýta mér þekkinguna af „à la carte“ stöðunum og vonandi munu viðskiptavinir bæði sjá sýnilega breytingu og nýjungar í matreiðslunni. Ég mun einnig halda matreiðslunámskeið og á komandi vikum verðum við meðal annars með sushi-námskeið þar sem námskeiðsgestir munu sjálfir gera sushi úr lifrænum vörum,“ segir Steininn að lokum en Maður lifandi heldur reglulega fjölbreytt námskeið um mataræði, matreiðslu, eftirrétti og fleira sem hægt er að kynna sér á vefsíðunni madurlifandi.is. - ag

## Leggur áherslu á hollustu

**Klara Ósk Elíasdóttir hefur gaman af því að elda og leggur áherslu á að borða hollan og góðan mat.**

„Ég er svolítill gourmet-manneskja þó ég eldi kannski ekki mjög mikið sjálf. Ég er ekki mjög reynd í eldhúsinu, en ég hef rosa gaman af því að elda,“ segir Klara. „Mér finnst líka gott að gera matinn sjálf því þá veit ég nákvæmlega hvað er í honum og hvað ég er að láta ofan í mig,“ bætir hún við, en Klara segist leggja áherslu á að borða hollan og góðan mat.

„Það fer náttúrulega aðeins eftir stund og stað, en ég reyni yfirleitt að borða eitthvað sem er gott fyrir líkamann. Ég drekk mikið af vatni og borða mikið af avóxtum og grænmeti. Ég held mig dálítið frá nautakjöti og svona þungu kjöti og borða miklu meira af fiski og mögru kjöti,“ útskýrir hún.

Uppskriftirnar tvær sem Klara deilir hér með lesendum Fréttablaðsins eru í miklu uppáhaldi. „Avókadóforrétturinn er klassik á mínu heimili,“ segir Klara, sem segist halda að forrétturinn sé að franskrir fyrirmynd. „Ég man eftir því að hafa smakkað þetta fyrst þegar ég var lítil og fannst þetta þá alveg ógeðslega vont,“ segir hún og hlær við. „Svo hef ég lært að meta þetta með árunum og í dag er þetta eitt það besta sem ég fæ eins og undarlega og það hljómar kannski. Ég hef líka fengið mjög skeptíska og matvanda gesti til að smakka þetta og þeir hafa allir orðið hissa,“ segir Klara. Hún notar sjálf alltaf kaviar úr túbu, en það má einnig nota venjulegan kaviar. „Ég held að það sé svona finni útgáfan af þessu, en hjá mér notum við alltaf túbukaviar,“ segir hún.

Kjúklingasalatið er hins vegar komið úr matarklúbbi Klöru. „Ég er í matarklúbbi með nokkrum bestu vinkonum mínum úr Versló. Oftar en ekki breytist hann nú bara í kjaftatörn, en í eitt skiptið tók ein í hópnum sig til og útbjó þetta salat fyrir okkur. Það er svolítið eins og avókadóforrétturinn að því leyti að þetta hljómar voða einfalt, en þetta er alveg sjúklega gott. Samsetningin er alger draumur og það er eitthvað við að hafa sataysósuna með öllu þessu ferska sem gerir salatið alveg æðislegt,“ segir Klara. sunna@frettabladid.is



**GOTT AÐ GERA MATINN SJÁLF** Klara Ósk Elíasdóttir leggur áherslu á að borða hollan og góðan mat og finnst gaman að elda. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

### Avókadóforréttur

- Fyrir 2  
1 avókadó - vel þroskað  
1 dós sýrður rjómi  
Kaviar í túpu  
1 rauðlaukur  
Sataykjúklingasalat  
Fyrir 2  
Spinat  
Sataysósa  
1 mangó, vel þroskað  
2 kjúklingabringur  
Salthnetur  
Fetaostur  
Kirsuberjatómatar  
Rauðlaukur  
Kúskús

*Forréttur: Avókadóið skorið í tvennt og steinninn fjarlægður. Laukurinn skorinn í mjög smáa bita og hrærður út í sýrða rjómann ásamt kaviarum. Mér finnst best*

*að prófa mig áfram með kaviarinn þar til sósan er orðin hæfilega bragðsterk. Hún er svo sett í holuna eftir steininn og avókadóið borið fram í skálum.*

*Kjúklingasalat: Kjúklingurinn skorinn í litla bita og steiktur á pönnu með sataysósunni. Skerið mangó í bita og saxið rauðlauk. Sjóðið kúskús samkvæmt leiðbeiningum, mér finnst best að nota kúskús með sólþurrkuðum tómötum.*

*Spinatinu er raðað neðst í skál eða á fat sem bera á réttinn fram í. Þá er kúskúsinn dreift yfir í þykkt lag. Tilbúnum kjúklingnum er svo raðað á og tómötunum, lauknum og mangóbitunum stráð yfir. Síðan er gott að strá salthnetunum yfir þetta allt saman. Fetaostinn er gott að hafa til hliðar, svo hver og einn geti fengið sér eftir smekk.*

**FRAMTÍÐAR SPENNUTRYLLIR Í ANDA BLADE RUNNER.**

Vinnningarveðna afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að tala þitt eru kominn SMS kláur. Þú kláreyrð.

FRUMSÝND 26 • 09 • 08

VIN DIESEL

**BABYLON A.D.**

MATHIEU KASSOVITZ

SENDU SMS BTC BAB Á NÚMERIÐ 1900

Vinnningar eru bíomíðar, tölvuleikir, DVD myndir og margt fleira!

9. hver vinnur!

## Ristuð graskersfræ

Ristuð graskersfræ eru bæði holl og góð. Ef þau eru ristud heima við með góðu kryddi verða þau líka dýrindis snakk til að narta í yfir sjónvarpinu.

### Ristuð graskersfræ

- 1½ msk. ólífuolía  
½ tsk. salt  
1/8 tsk. hvítlaukssalt  
2 tsk. Worcestershire-sósa  
2 bollar hrá graskersfræ

Hitið ofninn í 135°C. Blandið vel

saman olíu, salti, hvítlaukssalti og sósu og hellið í grunnt eldfast mót. Bakið í um klukkustund, eða þar til fræin eru þurr, og hrærið af og til í á meðan. Séu fræin ekki nógu bragðsterk má auka magnið af kryddblöndunni, bæta í hvítlaukssalti eða jafnvel öðru kryddi - enda er auðvelt að prófa sig áfram með uppskriftina.

**GOTT SNAKK** Graskersfræ sem eru ristud með kryddblöndu eru dýrindis snakk yfir sjónvarpinu. NORDICPHOTOS/GETTY



# 30-90% afsláttur

## BÓKALAGERSAALA

### Opið í dag kl. 11-21

#### GARÐATORGI – GARÐABÆ

##### HAGSÝNAR HÚSMÆÐUR ATHUGIÐ

### Dæmi 1

Samtals kosta þessar bækur á Lagersölunni

## 16.810 kr.

Verðmæti þessara bóka er aftur á móti 42.129 kr.\*

Auk þess gefum við í dag öllum sem versla fyrir meira en 8.000 kr. tvær bækur. Verðmæti þeirra er 8.970 kr. Þú sparar á þessum pakka 34.889 kr.

3.990 kr.  
45% afsláttur



390 kr.  
90% afsláttur



990 kr.  
30% afsláttur



1.990 kr.  
30% afsláttur



990 kr.  
63% afsláttur



990 kr.  
80% afsláttur



990 kr.  
67% afsláttur



5.990 kr.  
54% afsláttur



490 kr.  
50% afsláttur



990 kr.  
74% afsláttur



### Dæmi 2

Samtals kosta þessar bækur á lagersölunni

## 8.040 kr.

Verðmæti þessara bóka er aftur á móti 19.930 kr.\*

Auk þess gefum við í dag öllum sem versla fyrir meira en 8.000 kr. tvær bækur. Verðmæti þeirra er 8.970 kr. Þú sparar á þessum pakka 20.860 kr.

1.490 kr.  
47% afsláttur



890 kr.  
64% afsláttur



690 kr.  
47% afsláttur



1.490 kr.  
70% afsláttur



2.490 kr.  
45% afsláttur



Allir sem versla fyrir meira en 8.000 krónur fá að gjöf bækurnar *Veður og umhverfi*, í þýðingu Unnar Ólafsdóttur veðurfræðings, og *Ekkjuna* eftir Stephen King.

**FORLAGIÐ**  
www.forlagid.is

\*Miðast við skráð leiðbeinandi útsöluverð

Við rýmum fyrir jólabókunum — komdu og gerðu góð kaup

Birt með fyrirvara um prentvillur.

## &gt; LANGT Í 24-MYND

Kiefer Sutherland hefur viðurkennt að það séu ansi mörg ár þar til þáttaröðin 24 verði færð á hvíta tjaldíð. „Við ætlum fyrst að klára sjónvarpsþættina og svo getur verið að við förum að ræða um gerð kvikmyndar. En það er samt nógu erfitt að skrifa handrit að þáttunum og við förum ekki að bæta kvikmynda-handriti ofan á það,“ sagði Kiefer.



# fólk

folk@frettabladid.is

## Vinsæll bloggari gefur út bók

„Ég ætlaði mér alltaf að verða rithöfundur,“ segir Jóna Ágústa Gísladóttir, höfundur bókarinnar Sá einhverfi og við hin, sem kemur út í lok október. Bókin er að stórum hluta byggð á blogg færslum Jónu en hún heldur úti blogg-síðunni jona.blog.is þar sem hún skrifar um fjölskyldu sína og lífið með syni sínum Ian Anthony sem er einhverfur.

„Ég byrjaði að blogga í mars 2007 til að reyna að örva sjálfa mig til að skrifa, svo breyttist þetta blogg mitt alveg óvart í dagbók um fjölskylduna. Tómas hjá Sögum útgáfu hafði svo samband við mig í febrúar á þessu ári eftir að hann hafði fengið ábendingu um síðuna mína og þá fór ferlið af stað,“ útskýrir Jóna sem fær um tvö þúsund heimsóknir á bloggsíðu sína daglega. „Fjölskyldan er mjög spennit. Bókin hefur verið

borin undir hana og hlutirnir verið samþykktir af systkinum hans og fleirum, en Ian hefur ekki skilning á því að bókin sé að koma út,“ segir Jóna sem hefur þrútt fyrir fjölda jákvæðra athugasemda sætt vissri gagnrýni á bloggsíðu sinni.

„Þegar ég fór að tala um son minn sem „hinn einhverfa“ fannst sumum ég vera vond, en ég held að það hafi verið nafngiftin sem fór fyrir brjóstið á fólki. Ég er búin undir að bókin geti orðið umdeild, en ég held að hún muni snerta hjörtun í fólki, þá sérstaklega hjörtu foreldra og vona að hún fái góðar viðtökur,“ segir Jóna og stefnir að því að gefa næst út skáldsögu. „Nú þegar ég er komin með útfænda neyðist hann til að lesa handrit að skáldsögu fyrir næstu júl,“ segir Jóna að lokum og hlær. - ag



„Ég notaðist mest við það sem ég skrifaði á blogginu og lokaði því fyrir þær færslur, en ég breytti auðvitað miklu og bætti líka inn nýju efni,“ segir Jóna um bók sína Sá einhverfi og við hin.

## Pétur Ben með lag í erlendri kvikmynd

Tónlistarmaðurinn Pétur Ben á lag í kvikmyndinni Adoration sem er sýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík. Lagið nefnist You Woke Me og er tekið af plötu hans Wine For My Weakness. Leikstjóri myndarinnar er Atom Egoyran sem var tilnefndur til tvennra Óskarsverðlauna árið 1998 fyrir myndina The Sweet Hereafter.

„Leikstjórinn var hér á Lista-hátíð fyrir ári síðan, keypti plötuna mína og hafði samband við mig út af þessu lagi,“ segir Pétur. „Hann var þá að skrifa handritið og að hlusta á plötuna á sama tíma. Hann var rosalega hrifinn af því og vildi endilega fá að nota það,“ segir hann. „Svo heyrði ég ekkert í svólitinn tíma en svo fer hann að tala við mig um að gera þetta í alvörunni. Ég mixaði lagið aftur fyrir þau og lét þau hafa það í bútum og gaf þeim frjálsar hendur með þetta. Þetta er virtur leikstjóri og ég treysti honum fyrir þessu.“

Pétur segir að venjulega gerist svona hlutir í gegnum milli-liði og því hafi þetta komið skemmtilega á óvart. „Það er heppni og tilviljun sem ræður því að þetta gerist svona.“

Hann er um þessar mundir að undirbúa nýja plötu með Kamm-



PÉTUR BEN Tónlistarmaðurinn Pétur Ben á lag í kvikmyndinni Adoration eftir leikstjóran Atom Egoyran. Myndin verður sýnd í Regnboganum á föstudagskvöld.

ersveitinni Ísafold sem er væntanleg á næsta ári. Tónleikar með Pétri, Ísafold, Ólöfu Arnalds og tónskáldinu Nico Muhly er svo fyrirhugaðir í nóvember næstkomandi. - fb

## Tónlist.is opnar á alheiminn

Íslendingar geta halað niður erlendri tónlist með löglegum hætti á næstunni. Í lok ársins verða fimm milljónir laga í boði á Tónlist.is.

